Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

Aðfnr. 1284 1/2, örk 6


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnunarnefndarskjöl

um árið 1907.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Rvík 12. jan. 1907.

Með bréfi þessu skal yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar við álögning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1907.

Nefndin lauk störfum sínum á lögboðnum tíma (á 22 fundum, en hver fundur stóð til jafnaðar nær 5 klst.) og var skráin síðan prentuð í heild líki, svo sem í fyrra, og hefir verið til sölu; auk þess hefir hún legið frammi í bæjarþingsstofunni um lögmælt skeið. Hin niðurjafnaða upphæð varð með viðbótargjaldi, nær 10%, 60726 kr., ~~[illegible]~~ en gjaldendur urðu samtals 2106. Kærur bárust nefndinni frá 22 mönnum alls og var 1 fundur haldinn 5. þ. m. til að ræða þær og úrskurða. Var þá þessi breyting gerð í skránni:

I. Gamall gjaldandi felldur burt:
Einar Bjarnason járnsm. kr. 14

II. Nýir gjaldendur teknir á skrá:

| | |
|---|---|
| Ágúst Ólafsson verzlunarfulltrúi | kr. 100 |
| Einar Sigurðsson Holtsgötu 5 skipstj. | 14 |
| Eiríkur Eiríksson frá Breið Akran. skpstj. | 25 |
| Friðbjörn Hólm Einarsson verzlm. Lindarg. 7 | 8 |
| 2. Guðmundur Eyjólfsson Bergst. 11. | 16 |
| 1. Guðjón Bárðarson Laugav. 53 lm. | 14 |
| Guðrún Aðalstein ritsímari | 10 |
| Rósa Einarsd. Thorlacius sama | 10 |
| 2 Sigurjón Ólafsson skipstjóri | 35 |
| 1. Runólfur Sverrisson Tjarnarg. lm. | 12 |
| Tengs, ingeniör | 75 |
| | 319 |

[III. Þessi fékk lækkun á gjaldi:]

IV. Þessir fengu lækkun á gjaldi:

| | |
|---|---|
| ~~Sigurður Sigurðsson lyfsalasveinn~~ | ~~5 kr.~~ |
| Ágúst Benediktsson Klampenborg | 10 – |
| Ásbjörn Sveinsson Hverfisgötu 51 | 6 – |
| Benedikt S. Þórarinsson kaupm. | 35 – |
| Halldór Jónsson bankagjaldkeri | 100 – |
| Jón Eyvindarson bókhaldari | 10 – |
| Jónas Hieronýmusson ~~Hverfisg.~~ Vesturg. 10. | 4 – |
| Magnús Einarsson dýralæknir | 10 – |
| Sigfús Eymundarson bóksali | 25 – |
| Sigurður Sigurðarson lyfsalasveinn | 5 – |
| Steingr. Steingrímsson skipstjóri | 2 – |
| | 207 |

V. Þessir hafa kært, en enga áheyrn fengið:

Árni Jónsson Gunnarsholti ∠ Carlsen, Svend Chr.
Einar Björnsson Ráðagerði
Einar Einarsson Háholti
2 Helgi Guðmundarson málari
1 Guðm. Jónsson trésmiður Lindarg. 3.
Jón Hafliðason Hverfisg. 6.
~~Hiörboe~~, Fr. ~~Arkitekt~~.
Sigurbjörn Þorkelsson Laugavegi verzlm.
Sigurður Oddsson skipstjóri
Þorleifur Andrésson pípugerðarmaður

Því ~~næst~~ endursendum vér yður, samkvæmt fyrirmælum yðar, öll þau skjöl, er voru með bréfum yðar 24. okt., 12. nóv. og 24 nóv. f. á.. Skattaskrá og manntalsskrá eru yður áður sendar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í þetta sinn hefir nefndin orðið að halda fundi sína á 3 stöðum. Fyrst var hún 1 dag í bæjarþingstofunni í hegningarhúsinu, svo sem mörg ár undanfarin, en var svo vísað þaðan á braut; þá var hún 2 daga í gamla spítalanum, en þar varð henni eigi vært sökum þrengsla; því næst fékk hún leigt herbergi uppi á lofti í gamla templarahúsinu; það var að vísu nógu stórt, en ofn og lampar í lakara lagi; varð hún þó að gera sér það að góðu, því að hvergi annars staðar var auðið að fá nefndinni ~~hæfilegt húsnæði~~ húsaskjól til fundarhalda. Af þessu leiðir, að kostnaður af niðurjöfnun~~arnefnd~~inni verður nú miklu meiri en áður, þá er ekki þurfti að greiða sérstakt gjald fyrir húsnæði, ljós og hita. Reikningur yfir þenna ~~og~~ kostnað og annan verður sendur síðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 29/d. Oktober 1906.

Samkvæmt áætlun bæjarstjórnarinnar yfir tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1907, ber að jafna aukaútsvörum á gjaldendur bæjarins það að 55225 kr. 24 aur. að viðbættum 5–10% af þeirri upphæð eins og lög og venja er til.

Um leið og jeg tilkynni hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þetta, læt jeg hjermeð fylgja skrá yfir þá menn, er fengið hafa borgara- og atvinnuleyfi hjer í bænum frá því síðasta aukaniðurjöfnun var gjörð til þessa tíma.

Í brjefi dags. 19. f. m. hefur hin heiðraða nefnd farið fram á, að henni verði látið í tje til afnota við niðurjöfnunina, annaðhvort sjálf manntalsbókin frá síðasta hausti, eða eptirrit af henni, lista yfir alla þá er flutt hafa inn í bæinn eða úr honum, síðan síðasta manntal var tekið og ennfremur manntalsskýrslur þær, er safnað verður í þessum mánuði, ef unnt sje.

Manntalsbókina mundi nefndin geta fengið til afnota á fundum sínum síðari hluta dags, en bókin yrði að vera hjer á skrifstofunni fyrri hluta dags til leiðbeiningar við nýja manntalið og annarar afnota. Manntalsskýrslur þær, er nú er verið að safna,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er ekki unnt að lána; það mundi tefja manntalið
svo, að því yrði ekki lokið í tæka tíð, til að semja
eptir því alþýðustyrktarsjóðsgjaldaskrá og kjörskrá.
✓/ Listi yfir þá menn er fluttu inn í bæinn síðan mann-
tal var síðast tekið fylgir meðfram bréfi þessu.

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefndin.

Hatt virta fátækra stjórn Reykjavíkur
jeg skil ekkert í því að þeir skulu
geta lagt á mig 4 Kr aukaútsvar
bæði nú í ár og í fyrra (1904)
ástæður mínar eru það að jeg hef
3 Börn á ómaga aldri sem jeg er
að berjast við að gefa með af kaupi
mínu, þar jeg er vinnu maður
og á hartnær ómögulegt með að
Lúka þá upphæð árlega, er að öllu
leiti eigna lausmaður, og ellinnar árinn
að færast yfir mig þar jeg er á sextugs
aldri, nú treisti yður til að af
má útsvar mitt með öllu og aldrei
framar að leggja á mínar lúnu hendur
~~[illegible]~~ neina birði þar jeg hef meir
enn jeg get undir risið sem
eru mín eigin börn, þoter
þiðingar laust að ætla mér að borga út-
svar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þvi jeg hef ekkert af mörkum að láta, og af þessu sem sagt hefur verið, neita jeg algjörlega að greiða nokkurn hlut eins og mér hefur verið gjört að skildu.

Virðingarfyllst
Reykjavik 3. nóvbr 1906
Guðbrandur Hafliðason
Nýlendu götu No 15.

Til
fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi eg mjer allrar.

Virðingar fylzt að tilkinna hinni

heiðruðu Niðurjöfnunar nefnd: að ég

hef aungvar eigur til, og því undir

aðra gefinn og í þeirra brauði,

Af nefndu tilefni óskast eg til-

að ég verði strykaður út af

gjaldenda-skránni.

Holtastöðum 12 Juli 1906.

E. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefndinni
tilkinnist að Jón Guðnason
er fluttur af Vatnstíg 8
á Bergstaðastræti 44 og
óskast þess getið í skránni
yfir útsvörin

Virðingarfl.

Rvík 12 okt 1906

Jón Guðnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í fyrra hækkaði hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd útsvar mitt í 16 Kr. úr 12 Kr., og kom mjer þessi hækkun mjög á óvart þar sem efni mín eða ástæður höfðu ekkert batnað. Kona mín hefur verið heilsulaus nú hátt á þriðja ár, og verið meiri part við rúmið, og þaraf leiðir hefi jeg orðið að kaupa henni læknishjálp og mikið af meðulum. Það kann að vera, að nefndin hafi álitið að jeg hefði mikla stoð af syni mínum sem er 20 ára, en jeg skal geta þess, að jeg hefi orðið að kosta hann á sjómanna-skólanum bæði með bækur og fl., auk þess undirheld jeg móður konu minnar fjörgamla 87 ára, og það hefi jeg gert í 20 ár.
Jeg vona eptir þessum upplýsingum, að nefndin sjái að 12 Kr. útsvar er nægilegt fyrir mig, og vænti þess að útsvar mitt verði fært næsta ár niður í 12 Kr. eins og undanfarið.

Austurkoti í Kaplaskjóli 29. Október 1906.

Virðingarfyllst.

Jón Hannesson

Ekki sint.

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík* 24/*d.* nóvember *mán.* 1906.

Á fundi í gær hefur fátækranefndin veitt eftirgreindum mönnum húsmenskuleyfi hjer í bæ:

1. Sigurgeir Kristjánssyni á Sandarholti; frá næstu fard.

× 2. Gísla Jónssyni frá Þorlákshöfn; frá þessum tíma.

× 3. Birni Sumarliða Jónssyni Grettisg. 34 — " —

× 4. Einari Sigurðssyni Skólav. 55 — " —

Sömuleiðis hefur Jón Þorsteinsson sýsl. skrifari í Borgarnesi, leyst hjer borgarabrjef 21. þ. m.

Þetta tilkynnist hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, og fylgja hjermeð umsóknarbrjef húsmenskubeiðendanna með fylgiskjölum.

Halldór Daníelsson.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

*Reykjavík* 12. *d.* nóvember *mán.* 1906.

Hjermeð tilkynnist hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að Þorsteinn Þorsteinsson slátrari, hjer í bænum, hefur leyst borgarabrjef 6. þ. m. og Sigurður Sveinsson kaupmaður frá Seyðisfirði, í dag.

Halldór Daníelsson.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir þá menn, sem hafa fengið heimasöluleyfi hjer
í bænum 8. nóvember þ. á.

[illegible]

1. Jóhann Þorsson (frá Ameríku)
2. Björn Gunnlaugsson í [illegible].
3. Ketill Þorsteinsson, Helgastöðum, Rvík.
4. Sigurbjörn Hróbjartsson, Miðstr. 6.
5. Jón Gíslason, Skála, Rvík.
6. Björn Marteinsson frá Gafli; (frá næstu fardögum 1907.)
7. Katrín Andrjesdóttir frá Brunnastöðum.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 12. nóv. 1906.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrá
yfir þá menn sem hafa lokið prófi í trjesmíði.
1906.

× 1. Ólafur Jónsson (lærði hjá Hav. Möller)
× 2. Egill Sveinsson } lærðu hjá J. Setberg.
× 3. Geir Konráðsson }
× 4. Kristján Benediktsson (lærði hjá Jóh. Pjeturssyni)
Fór 5. Albert Kristján Kristjánsson } lærði hjá Jónasi í Hlíðarhúsum)
× 6. Ari Erlendsson
× 7. Skapti Davíðsson (lærði hjá Eyv. Árnas.)
× 8. Guðjón Jónsson (lærði hjá Sigv. Guðmundss.)
× 9. Helgi Guðmundsson (lærði hjá Guðm. Egilssyni.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 7. nov. 1906.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir þá menn, sem fengið hafa atvinnuleyfi og ... leyfi í Reykjavíkurkaupstað frá 1. júlí til 1. nóvember 1906.

---

## I. Borgarabrjef:

× 1. Jens Michael Mikkelsen Pósthússtræti 14.
+ 2. Sigríður J. Thorlacius
+ 3. Páll Bryjfjörð Pálsson
+ 4. Jón Helgason, prentari
+ 5. Sveinn Jónsson. Hverfisgötu 51
+ 6. Sveinn Sigvaldason (frá Jundaragerði.)
+ 7. Jóhann Ögmundur Oddsson og Ludvig Emil Kaaber.

## II. Húsmennskuleyfi:

× 1. Guðjón Jónsson frá Hjalldanes í Dalasýslu
× 2. Vilborg Bjarnason frá Pálshúsum í Garðahreppi
× 3. Árni Gíslason frá Rauðarhóli
× 4. Kristján Vídalín Brandsson Hjallhúsum Akran.
× 5. Jón Jónsson frá Sauðárkrók, Laugav. 62.
× 6. Dagbjörg Guðjónsdóttir frá Patreksfirði
+ 7. Þórunn Jónsdóttir frá Mjóafirði
+ 8. Sigurður Símonarson Austur-Landeyjum
+ 9. Stefán Brynjólfsson frá Akran.
× 10. Jón Sindarson frá Hábsholti
× 11. Grímur Hieronymusson frá Keflavík.
× 12. Páll Erlingsson, sundkennari
× 13. Stefán Björnsson frá Bryggjum.
× 14. Helgi Helgason, Vitastíg.
× 15. Ásbjörn Sigurðsson Melbæ á Akranesi
+ 16. Christen Thomasen, verslunarmaður
+ 17. Samúel Guðmundsson frá Sauðárkrók
× 18. Árni Jónsson frá Varmá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ 19. Eiríkur Bjarnason frá Hvítárferju.

+ 20. Jóhannes Jóhannesson, Grettisgötu.

farinn úr bænum 21. Bergur Pálsson, Hverfisgötu.

+ 22. Björn Líndal frá Valdarási.

+ 23. Halldór Jónasson frá Hrauntúni

+ 24. Sigurður Eyjólfsson frá Nýjabæ í Garði

+ 25. Þorsteinn Sæmundsson Vík

+ 26. Hallmundur Sumarliðason frá Fossi

+ 27. Sigurður Ólafsson frá Steinsmýri

+ 28. Eiríkur Einarsson frá Ásholti í Ásahreppi

+ 29. Guðbjartur Helgason frá Önundarfirði

+ 30. Lilja Jónsdóttir ekkja úr Eyjafirði

+ 31. Jón Jóhannsson, Bergststr. 15.

× 32. Þuríður Ólafsdóttir frá Kotvelli í Hvolhrepp

+ 33. Magnús Jónsson frá Brúnastöðum

+ 34. Guðmundur Gíslason frá Núpum í Ölvesi

+ 35. Hallgrímur Þorsteinsson frá Sandá Króki.

+ 36. Jóhannes Bárðarson frá Ytri-Móum.

+ 37. Stefán Einarsson frá Þóroddsstöðum í Grímsnesi

+ 38. Ingjaldur Þórðarson frá Blönduholti

+ 39. Jón Schewing Hansen af Kjalarnesi

+ 40. Steinn Jónsson frá Akranesi

× 41. Magnús Jónsson Oddsbæ við Kaplaskjólsveg.

× 42. Árni Þórðarson frá Kálfatjörn.

× 43. Guðmundur Helgason Lindarg. 8

× 44. Magnús Sigurðsson Grettisg. 28.

+ 45. Jón Jónsson, Vesturgötu 50.

× 46. Jón Árnason úr Andakílshreppi

× 47. Guðmundur Magnússon úr Andakílshr.

+ 48. Þorsteinn Magnússon úr Breiðdalshreppi

× 49. Pétur Þorvarðarson frá Berufirði

+ 50. Ólafur Þorleifsson frá Fljótsdal í Fljótshlíð

× 51. Ásgeir Erlendsson frá Kaldárhöfða.

× 52. Halldór Kristinn Guðmundsson úr Holtamannahr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 53. Grímur Jónsson frá Stokkseyri
× 54. Halldór Þorleifsson frá Reynifelli.
× 55. Brynjólfur Ólafsson frá Utanbrygg.
× 56. Elías Þórðarson frá Seljatungu.
× 57. Einar Kristófer Þorsteinsson, Vatnsstíg 12.
× 58. Ingvar Bjarnason frá Reykjafossi.
× 59. Guðmundur Davíðsson Laugav. 68.
× 60. Ingvar Eiríkur Sigurðsson frá Laugarvatni
× 61. Jóhann Kristján Ólafsson, Laugav. 38.

III. Lausamennskuleyfi:

× 1. Jóhannes Guðbjartur Jóhannesson
× 2. Ástrós Sumarliðadóttir, Holtsgötu 16.
× 3. Guðfreður Ólafsson, Vesturgötu 30.
× 4. Davíð Einarsson, Vesturgötu 48.
– × 5. Ólafur Jónsson, Laugav. 72.
× 6. Ólafur Hinriksson, Nýlendugötu
× 7. Guðríður Guðmundsdóttir, Vitastíg
× 8. Hólmfríður Þorvaldsdóttir Klapparst. 14.

IV. Skipstjóraskírteini:

× 1. Þórður Þórðarson, Mýrarg. 5.

V. Sveinsbréf:

Í söðlasmíði:
× 1. Jón Jóhannesson, Laugav. 9.
× 2. Erlendur Þorvaldsson s. st.

Í trésmíði:
× 1. Þorbjörn Jónsson. (Lærði hjá Magnúsi Blöndal)
× 2. Kristján Eggert Gíslason. (Lærði hjá Jóhannesi Lárussyni)

Í járnsmíði:
× 1. Þórólfur Bjarnason. (Lærði hjá Kristófer Sigurðssyni)
× 2. Loftur Bjarnason. (Lærði hjá Þorsteini Jónssyni)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 3. Guðjón Jónsson. (Lærði hjá Kristjáni Kristjánssyni)

× 4. Sveinn Guðmundsson. (Lærði hjá Þorst. Tómassyni.)

Í Klæðasmíði:

× 1. Einar Þórðarson. (Lærði hjá Birni Þorsteinssyni.)

Í gullsmíði:

— × 1. Jónatan Jónsson (Lærði hjá Erl. Magnússyni.)

Í blikksmíði:

× 1. Bjarni Pjetursson } Lærðu hjá Pjetri Jónssyni

× 2. Guðm. Waage.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31. okt. 1906.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir gjaldendur sem hafa flutt til Reykjavíkur;
árið 1906.

× 1. Þorsteinn Þorgilsson verzlunarm. Lindarg. 3.
× 2. Bergur Einarsson Lindargötu 34.
× 3. Marteinn Hangeberg Jeppesen Laugav. 75.
× 4. Loptur Sigurðsson trjesm. Laugav. 38.
× 5. Kolbeinn Þorsteinsson trjesm. Vesturg. 22.
× 6. Friðr. Hermann Nathan Laugav. 57.
– × 7. Ásgeir Jónsson Laugav. 31.
– × 8. Ólafur Þórðarson — 47.
+ 9. Bjarni Ívarsson bókbindari Lindargötu 5.
– × 10. Guðbrandur Magnússon prentari Holtskoti við Laufásv.
× 11. Carl F. Bartels úrsmiður Hverfisg. 55.
× 12. Ragnar Þ. Levi verzlunarm. Vesturg. 35.
× 13. Ólafur Ásbjarnarson kaupm. Laugav. 46.
× 14. Carl Langgaard söðlasm. Bankastr. 14.
+ 15. Kay K. Möller söðlasm. Bankastr. 14.
× 16. Jón Hallgrímsson bókhaldari (Í húsi Sig. Þórð.)
– × 17. Sigurður Sveinsson kaupm. Lindarg. 7.
× 18. Jón Guðmundsson bókhaldari í Bakkabúð
+ 19. ~~Páll Pálsson Borgfjörð Hverfisg. 38.~~
× 20. Ármann Bjarnason Hafnarstr. 43.
+ 21. ~~Jóhann Ögmundur Oddsson Laugav. 54 b.~~
× 22. Bjarnleifur Jónsson steinsm. Bjarnaborg.
– × 23. Ari Maasen söðlasm. Spítalast. 54.
– × 24. Böðvar Gíslason trjesm. Frakkast. 12.
– + 25. Guðfinnur Einarsson trjesm. Lindarg. 28.
– × 26. K. Larsen (Gamla spítalanum)
× 27. Knud Jensen skraddari Vesturg. 24.
× 28. Bjarni Gunnlaugsson gullsm. 27.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 29. Ólafur Jónsson verzlunarm. í Godthaab.
× 30. Hjaltalín Nielsen verzlunarmaður hjá Jes Zimsen.
× 31. A. Grahame (Edinborg) Laugav. 46.
× 32. Aage Svensen verzlunarm. hjá Thorsteinsson
— × 33. J. T. Zeuthölen (hjá Thomsen) Aðalstr. 9.
× 34. Erlendur Lúðvíksson (hjá Thorsteinsson) (Kirkjustr.)
— × 35. Olaf. Sophus Alfred Kjœrup (hjá Thorsteinsson)
× 36. Árni Jóhannsson skrifari (í Ísafold)
× 37. Jón Þorsteinsson frá Bergsnesi verzlunarm. Bergst.
× 38. Frantz Haakansen bakari Aðalstr.
× 39. Mr. Rogers enskukennari Pósthússtr. 14
× 40. Marteinn Christjan P. Nielsen bakari hjá B. Sím.
× 41. Páll Jóhannesson gullsm. (í húsi Hald. bókb. Laugav.)
× 42. Guðmundur Jónsson Vesturg. 48. verzlunarm.
× 43. Jóhannes Stefánsson (hjá Thomsen.) Bergstr. 8.
× 44. Peter Larsen
× 45. Gunlogs Olsen
× 46. Bernhard Petersen
× 47. Albert Christiansen
× 48. Daniel Rohstad.

þessi 5 síðastnöfndu eru hásetar á gufuskipinu á Hverfisgötu 2., ráðgera að vera hjer í vetur og næsta sumar; síðast. hefur Eyjólfur Eiríksson kapteinn „Kött Alexander" flutt inn í bæinn á þessu hausti.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31 oktober 1902.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 7. d. desbr. mán. 1906

Samkvæmt ósk bæjarstjórnarinnar er hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hjermeð beðin að láta uppi álit sitt um
1. meðfylgjandi erindi frá Jóni Jónssyni prentara Hverfisgötu 22 um undanþágu frá aukaútsvari þ. á. eða lækkunar á því. —

Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans
í Reykjavík.

Njn. 10. jan. 1907.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, sent niðurjöfnunarnefndinni tvö erindi um lækkun eða uppgjöf aukaútsvara, annað frá Ásbirni Sveinssyni, Hverfisgötu 51, hitt frá Jóni Jónssyni, prentara, Hverfisgötu 22 (áður Klapparstíg 9).

<u>Ásbjörn Sveinsson</u> sækir um uppgjöf eða lækkun á útsvari sínu, 12 kr. ~~þá~~ er hann átti að greiða árið 1906. Með því að nefndinni er nú kunnugt um, að hann skýrir rétt frá um veikindi sín sumarið 1905, er ollu því að hann varð af atvinnu um langan tíma, þá leggur nefndin til að beiðni hans verði tekin til greina á þann hátt, að gjaldið sé fært niður í 4 kr.

<u>Jón Jónsson</u> sækir sömuleiðis um uppgjöf eða lækkun á útsvari sínu, 8 kr. hvort árið 1905 og 1906. Hann er roskinn maður, á konu og 1 barn, og er nú að nema prentiðn; hann hefir þessi tvö ár haft lítið kaup, undir 40 kr. á mánuði. Leggur nefndin til að útsvar hans sé lækkað um helming hvort árið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. 4/12.

Þingholtsstræti 23.
3/12. '06 –

Lækkað um 5 kr.

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

Með því, að mjer virðist aukaútsvar mitt mikils til of hátt, ef litið er á „efni og ástæður" mínar og mjög fjarri rjettu lagi, ef það er borið saman við aukaútsvör margra annara bæjarbúa, leyfi jeg mjer að fara fram á, að það sje fært niður, að minnsta kosti um 15 krónur. Það er 30 krónur, en ætti að vera 15 kr. í hæsta lagi.

Máli mínu til skýringar, skal jeg benda á það, að 1) jeg skulda að nýloknu námi c. 2000 krónur 2) hef aðeins 1300 kr. árslaun 3) hef haft atvinnu um eins árs bil og er kvæntur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki batnar í efni, ef aukaútsvar mitt er borið saman við aukaútsvar þeirra herra, sem jeg leyfi mjer að tilfæra:

1) Guðjón Guðmundsson, agronom.
Fastar tekjur 1600 kr., tekur af blaðinu „Frey", sem er vænlegt gróðafyrirtæki og andsuppspretta ([struck-through text]). Er einhleypur og hefur haft fasta stöðu í mörg ár. Útsvar 30 krónur.

2) Sigurður Eggerz, cand. jur.
Laun 1500 kr. á ári í stjórnarráðinu. Auk þeirra málafærslur. Einhleypur. Launaða stöðu í mörg ár, verið settur sýslumaður o.s.frv. Útsvar 35 krónur

3) Óli P. Blöndal, póstþjónn. Laun 800 krónur, c. 200 kr. af frímerkjasölu og fritt húsnæði. Einhleypur. Borgar 12 krónur

4) Kaupmaður Nikolaj Bjarnason; hefur talsverða verzlun, þilskipaútveg, lóða og húseigandi og er talinn mjög vel standandi maður eftir marga ára fasta stöðu sem hátt launaður faktor; þessi skoðun manna styrkist og mjög við það, að hr. N. Bjarnason hefur 2 eldishesta, skemtivagn, íslenzk með aktýgjum o.s.frv. o.s.frv., sem alt ber vott um góðan efnahag. Útsvar 30 – þrjátíu – krónur.!

Af ofanrituðu sjest að það getur engri átt náð, að aukaútsvar mitt sje 30 krónur. Vænti jeg því, að fá leiðrjettan þennan misgáning.

Virðingarfyllst

Sigurður Sigurðsson
lyfsalasveinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

Herra lyfsalasveinn Sig. Sigurðarson.

Rvík. 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi yðar, dags. 23. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1907, og athugaði nefndin röksemdir yðrar á fundi 5. þ. m.

Með því að nefndin hafði gert ráð fyrir, að tekjur yðrar myndi verða ~~nokkurum~~ mun meiri þetta ár, en raun hefir á orðið, þá þótti henni vel mega hlýða að færa gjaldið niður og úrskurðaði að lækka það um 5 kr., úr 30 kr. í 25 kr., en vill þó láta þess getið um leið, yður til fagnaðarauka, ef þér skylduð hafa gengið duldir þess áður, að hún þykkist hafa sannspurt, að laun yður verða 1400 kr. þetta árið en ekki 1300 kr. svo sem þér segið.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. 7/12.

Styrimannastíg 11.
6 Dec. 1903.

Til:

D. H. Skatteligningskommission
i Reykjavik!

Da jeg anser mig for at være for høyt beskattet (250 Kr.) tillader jeg mig at gjøre opmærksom paa at jeg ganske vist har en aarl. Gage af 4800 Kr., men, da jeg kun skal opholde mig og sætte Bo her en kortere Tid (1 à 2 Aar) maa der med Billighed tages Hensyn til at jeg ved Rejsen op og ned for min Hustru og mig og ved Tab paa Bohave og lign. sættes i en ekstra Udgift af ca: 2000 Kr., som maatte fraregnes min Indtægt.

Yderligere tillader jeg mig at sammenligne mig med: Carlsen „Hôtel Island", der er sat i en Skat af 100 Kr.; han har, efter hvad jeg har bragt i Erfaring, en aarl. Gage af 3000 Kr. og frit Ophold for sig og sin Hustru.

„Steinar", Hlutafélag er sat i en Skat af 50 Kr.

I Henhold til ovenstaaende anmoder jeg D. H. Ligningskommission om at nedsætte min Skat ihvertfald til 200 Kr.

Med megen Agtelse

Fr. Kiørboe.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Arkitekt Fr. Kiörboe
Styrimannastiger 11.

Rvjk. 13. Jan. 1907.

Deres til Ligningskommissionen indsendte Skrivelse af 6. Dec. f. A., hvori De besværer Dem over at være bleven for höjt beskattet (250 Kr.), blev fremlagt i et Kommissionsmøde den 5. ds. og der taget under Overvejelse.

Komm. kunde ikke finde de af Dem fremførte Grunde for overbevisende, thi skönt Deres Rejse op og ned nødvendigvis maa have betydelige Udgifter til Følge, saa maa til Gengæld ogsaa den Kendsgerning komme i Betragtning, at De allerede har boet her et halvt Aar (sidste Halvdel af 1906) uden at betale nogen som helst Skat til Kommunen, og dette Faktum turde veje op imod, at der nu ikke tages noget Hensyn til de med Deres Flytning hertil forbundne ekstra Udgifter. Anderledes med Hr. Carlsen, der efter egen Erklæring har været uden Gage det meste af sidste Kvartal af forrige Aar og först faar nogen saadan fra 1. ds. at regne og desuden skal han af egne Midler udrede Lön til en Kokkejomfru (c. 400 Kr. aarl.) osv.

Af ovennævnte Grunde mente Komm. ikke at kunne göre nogen Forandring i den Dem og Hr. Carlsen paalagte Skat og at den tilsyneladende store Forskel var fuldt ud berettiget.

Nævnte Resultater meddeles Dem herved paa Kommissionens Vegne.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. 8/12.

Ekki sint

Þegar eg las Niðurjöfnunarskrá nú sá eg lagt hefur verið á mig aukaút-svar 10 kr nefl. hækkað frá í fyrra um 6 kr þettað álag þykir mjer heldur mikið og þaingt eptir stöðu minni þó eg hafi atvinnu þá gánga öll min laun til heylsuveikrar móður minnar sjálfgeing (um) eg kauplaus frá og af þessu skal eg eiga að gjalda þettað háa gjald. jeg legg mig Ekki eða jafna mjer saman við aðra því eg þekki ~~auk~~ aungvan mjer jafnan að því-leyti hvað stöðu og Efni viðvíkur. Eg vona að nefndin líti svo á að samsynilegt væri að draga úr þessu álagða útsvari mínu

virðingarfyllst

Efrivegamótum 7 Desembr 1906

Sigurbjörn Þorkjelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. verzlunarm. Sigurbjörn Þorkelsson
Laugavegi

Rvjk. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 7. f. m., kvartað undan útsvari því (10 kr.), er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa um árið 1907, og var beiðni yðar um lækkun athuguð á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Nefndin fékk eigi séð, að yður hafi verið gert of hátt útsvar eftir tekjum þeim, er þér vitanlega hafið af atvinnu, og í samanburði við aðra menn á líku reki og líkum heimilisástæðum, enda sér hver maður, að það muni annaðhvort vera nokkuð mikið orðum aukið, að „öll laun yðar gangi til heilsuveikrar móður yðvarrar, en sjálfur gangið þér kauplaus frá", ~~því~~ eða að ~~ef svo væri~~ þér hljótið ~~þér~~ að vera sjálfur stórefnaður maður, og lifið sjálfur eingöngu á rentum af eign, ~~ef svo~~ hvort sem er, þá munuð þér fullfær að greiða þetta ~~lítilræði~~ gjald, sem flestum mundi fremur finnast of lágt, er því að athuga röksemdir yðrar. Nefndin úrskurðaði því að láta gjaldið standa óhaggað.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. 8/12.

Lækkað um 100 kr.

Eg er að sjálfsögðu þakklátur háttvirtri niðurjöfnunarnefnd fyrir það mikla álit, sem hún hefur á efnum mínum og ástandi, þar sem hún hefur hækkað útsvar mitt úr 200 kr. 1906 í 350 kr. 1907.

En eg get þó ekki bundist þess, að láta nefndinni þó í ljósi, að mér virðist sjálfum og ekki verðskulda þetta feikilega og snögga álit, og þar af leiðandi útsvarshækkun, með því að efni mín og ástand hefur ekki breyst neitt verulega til batnaðar nú í ár.

Niðurjöfnunarnefndin á að jafna útsvörum niður eftir efnum og ástandi gjaldendanna samkvæmt fyrirmælum tilskipunarinnar, og leyfi eg mér því, að gefa nefndinni þær upplýsingar um efni mín og ástand, er hér segir:

Þá er eg byrjaði á húsbygging minni í maí í vor átti eg þessar eignir:

1° Húseignina No 5 í Suðurgötu skuldlausa; eg hef nú selt hana fyrir sem næst — 9700 kr.

2° Í verðbréfum og hlutabréfum 4650 - -

3° - sparisjóði á vöxtum um 4000 - -

4° 1/4 úr Félagstúni austan Rauðarár. Enda þótt eg hafi aldrei fengið vexti af þeim 900 kr., sem eg hef lagt í það tún, vil eg þó álíta að þessi partur minn sé 3000 - 4000 kr. virði.

5° 1/3 úr Melagarðinum. Hann er síðan seldur svo, að eg fékk í minn hlut netto 650 - -

6° Húsbúnað og lausafjármuni, er nema vera nálægt 2500 kr. virði.

Eg gef nefndinni þessar upplýsingar í trausti þess, að hún gæti þagnarskyldu þeirrar, er hvílir á slíkum nefndum vegna stöðu þeirra.

Háttvirt nefnd getur varla vænt þess, að eg hafi getað aurað saman meira í þau rúm 20 ár, sem eg hef haft atvinnu hér í bænum. Eg tók ekkert fé að erfðum eftir foreldra mína en skuldaði um 1000 kr. þá er eg hafði lokið skólanáminu. Hin fyrstu 10 búskaparár mín hafði eg ekki nema 1700 - 2400 kr. í árstekjur,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svo að seint gekk að safna, en á síðustu 11 árunum hef eg haft í árstekjur 3800 – 4700 kr., en eg hef á hinn bóginum ekki tekið þátt í neinum auka-atvinnuvegi né í spekúlationum.

Eg hef orðið þess var, að ýmsar kviksögur ganga um bæinn um þær feikna tekjur, er eg hljóti að hafa árlega; í jafnvel verið tilnefndar 10-12 þúsund krónur. En eg verð að hafa það álit á háttv. niðurjöfnunarnefnd, að hún sé í starfi sínu hafin yfir það, að hlaupa eftir slíkum gamansögum, heldur fari eingöngu eftir sönnum upplýsingum, sem hún getur aflað sér. Og að því er árlegar tekjur mínar snertir er ekki svo mikill vandi að vita rétt um liðin ár, þar sem eg hef sjálfur gefið þær upp í skattskrá kaupstaðarins undir eiðstilboð.

Hreinar tekjur mínar yfirstandandi ár hafa verið um 4700 kr. En ábyrgðarfé mitt við bankann hefur numið netto 5 síðustu árin að jafnaði 2380 kr.

Um ástæður mínar að öðru leyti mun nefndinni kunnugt, svo sem það, að eg á 5 börn; þrjú þeirra eru komin yfir fermingaraldur og þar af leiðandi kostnaðarsamari; en börn eru á ungum aldri.

Eg vil nú leyfa mér virðingarfyllst að benda á, að enda þótt við mig kunni að eiga, eigi síður en aðra menn, gamla máltækið: "margur hyggur auð í annars garði", þá virðist mér ekki ósennilegt, að eftirnefndir menn muni vera ekki lakara efnum búnir en eg, en útsvör eru þeim gerð eins og hér segir:

Björn Ólafsson augnlæknir 170 kr. Guðmundur Magnússon læknir 220 kr. Halldór Daníelsson bæjarfógeti 240 kr. Lárus Benidiktsson fyrv. prestur 110 kr. Árni Thorsteinsson fyrv. landfógeti 300 kr., og allir þessir menn munu hafa heimilisástand kostnaðarminna en eg og sumir þeirra vafalaust meiri árstekjur.

Fráleitt virðist mér það, að alla betri efni og ástand hjá mér en: landritara Klemenz Jónssyni, er hefur 6000 kr. laun og eftirlaunarétt og 2 börn að sjá fyrir og Lárusi Sveinbjörnssyni háyfirdómara, er hefur 5800 kr. í laun, sömu laun í vændum sem eftirlaun og aðeins eitt barn í fóstri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg vil leyfa mér að gjöra þá kröfu, að útsvar mitt verði fært niður í 200 kr. og vil eg í því efni bera mig saman við Steingrími Thorsteinsson rektor og Sighvat Bjarnason bankastjóra, er 200 kr. útsvar hefur gjört verið.

Rektor Steingrímur hefur 4000 kr. laun (og húsaleigustyrk); hann mun hafa ekki þyngra hús en eg, en mun hafa tekið allmikið fé að erfðum eftir foreldra sína; hefur 30-40 ár haft sæmilega launað embætti og má því vænta að hann sé efnaðri maður en eg.

Bankastjóri Sighv. Bjarnason hefur síðustu 20 árin haft svipað starf og svipuð laun eins og eg, og ekki ólíkar heimilisástæður; má því vænta að hann muni vera líkum efnum búinn og eg. Árstekjur hans munu vera nú í ár hátt á 6. þúsund krónur, bæði vegna (Tantieme) launa uppbótar, er hlutabankinn gefur, og vegna vátryggingarfélags þess, sem hann er umboðsmaður fyrir.

Eg skal að lokum benda á, að af minni byggingarbraski leiðir það, að eg verð framvegis að greiða um 1500 kr. í húsaleigu; enda þótt slíkt sé sjálfskaparvíti, þá eyðir það tekjum mínum frá öðrum þörfum.

Reykjavík 8. desember 1906.

Virðingarfyllst
Halldór Jónsson
bankaféhirðir.

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrirspurn um tekjurnar send bankastjóra 10/12 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. bankastj. Tr. Gunnarsson.

Rvík. 10. des. 1906.

Með því að gjaldkeri í Landsbankanum, Halldór Jónsson, hefir í bréfi, dags. 8. þ. m., kært yfir því útsvari, er niðurjöfnunarnefndin lagði á f. m. á hann til bæjarþarfa um árið 1907, og telur sér langt um minni tekjur af atvinnu undanfarin ár, en nefndin þóttist með sanni undum vita, að hann hefði haft, þá leyfir nefndin sér að skora á yður, herra bankastjóri, góðfúslega að láta sér í té glöggva grein og í alla staði sanna um tekjur hans af gjaldkerastarfi í bankanum um nokkur (3 til 4) undanfarin ár, að 3 fyrstu ársfjórðungum þessa árs meðtöldum, enda virðist óþarft og óviðurkvæmilegt að meiri hulda hvíli yfir tekjum hans af atvinnu en annarra starfsmanna bankans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Herra bankaféhirðir Halldór Jónsson.

Rvík 9. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 8. þ. m., kært útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin í haust hafði lagt á yður um árið 1907, og var sú kæra yðar lögð fram og athuguð á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Þá er nefndin lagði á yður útsvar það, er þér nú hafið kært, var henni fullljóst af frásögn kunnugra og skilríkra manna, að ábyrgðarfé það, er þér fáið árlega í bankanum, nam svo mikilli upphæð, — og hafði svo verið um mörg ár undanfarin, þótt nefndinni hafi eigi áður verið það svo kunnugt sem skyldi; — að óhætt myndi að hækka útsvarið að miklum mun, með því að vanhöld af mistalning eða misritunum eða annars konar misgáningi myndi eigi að sínu leyti meiri en í Íslandsbanka, þar sem féhirðirinn hefir að eins örlitlu ábyrgðarfé úr að moða, en hitt kom henni sízt til hugar, að slík vanhöld hefði ýmis undanfarin ár verið svo gífurleg sem þér segið og eigi verður borið við að rengja. Fyrir sakir þessara vanhalda þótti nefndinni hlýða að lækka gjaldið að sinni og úrskurðaði að færa það niður um 100 kr., úr 350 kr. í 250 kr., en væntir þess, sjálfs yðar vegna og bankans, eigi síður en bæjarsjóðs, að vanhöld þessi verði minni eftirleiðis.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ábyrgðarfé gjaldkera Landsbankans, árin 1904. 1905 og 1906 þrjá ársfjórðunga

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1904 | janúar ársfjórðungur | Kr. 692,70 | |
| | apríl — " | " 1024,92 | |
| | júlí — " | " 1333,82 | |
| | október — " | " 1618,78 | Kr. 4670,22 |
| 1905 | janúar ársfjórðungur | Kr. 722,06 | |
| | apríl — " | 933,49 | |
| | júlí — " | 1087,33 | |
| | október — " | 1334,39 | 4077,27 |
| 1906 | janúar ársfjórðung | Kr 831,82 | |
| | apríl — " | 928,55 | |
| | júlí — " | 1010,57 | Kr 2770,94 |

Fyrir októberársfjórðung 1906 er eigi enn hægt að gefa ~~á~~ skýrslu.

Eftir skýrslu gjaldkera hefur hann tapað við kassa ~~á~~borganir

árið 1904 — kr. 2398,00
— 1905 — " 3857,00
— 1906 — " 466,00

Fr. Gunnarsson

Reykjavík 31 desemb. 1906

Fr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ekki sint, en boðið að leggja gjaldið á bróður hans.

5. 8/12.

Sökum þess að ég lít svo á að hin háttvirta Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi gjört mér (sem er í vinnumannsstöðu) rangt til með því að leggja á mig Kr. 16 í aukaútsvar; leyfi ég mér hér með að biðja hina háttvirtu nefnd að íhuga þetta betur, og láta mig njóta jafnréttis við aðra sem í sömu stöðu eru; hvað þetta gjald áhrærir.

Ég finn ekki ástæðu fyrir mig að taka til samanburðar neina af þeim sem í vinnumanns-stöðu eru, vegna þess að hinni háttvirtu nefnd er sjálfri kunnugast um hvaða aukaútsvar hún hefur lagt á þá vinnumenn sem vinna alla vanalega erfiðisvinnu eins og ég.

Þann heiður sem hin háttvirta Niðurjöfnunar nefnd sýnir mér óverðskuldað með því að skrifa mig verkstjóra í hlutafélaginu „Högni" verð ég því miður að frábiðja mér, af þeirri einföldu ástæðu, að ég er ekki, og hef aldrei verið, verkstjóri í nefndu fjelagi. (saman. br. með fylgjandi vottorð)

Ég óska eftir að fá sem fyrst að vita hvort hin háttvirta Niðurjöfnunarnefnd finnur ástæðu til að breyta nokkuð gjörðum sínum í þessu efni.

Virðingarfyllst

Reykjavík 8 des 1906

Jón Hafliðason Hverfisgötu 6

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Vottorð

Eptir beiðni Jóns Hafliðason vottum við undirskrifaðir að hér nefndur Jón Hafliðason er ekki og hefir ekki verið verkstjóri í Hlutafjelaginu Högna

Reykjavík 8/12 1906

Gísli Þorkelsson
formaður fjelagsins

Stefán Egilsson gjaldkeri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Hafliðason
Hverfisgötu 6.

Rvík 9. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 8. þ. m., kvartað undan því, að niðurjöfnunarnefndin hefi lagt á yður útsvar til bæjarþarfa um árið 1907, þar sem þér séuð vinnumaður bróður yðar og það sé ekki venja að leggja útsvar á vinnumenn.

Nefndinni er vel kunnugt um, að þið bræðurnir búið saman og hafið systur yðar fyrir bústýru, hafið ágæta atvinnu báðir og standið yfirleitt jafnt að vígi um alla afkomu, og því vant að sjá, hvor ykkar sé annars húsbóndi. Fyrir því lækkaði nefndin gjald bróður yðar og lagði jafnt gjald á ykkur báða, svo að þið megið báðir njóta þeirra borgaralegu réttinda, er slíku gjaldi fylgja. En ef annar hvor ykkar vill eigi nýta þessi réttindi, þá er að láta nefndina vita það fyrir næstu álagning, og mun þá allt gjaldið lagt á hinn og bústýrunnar ef þit vill minnst með einhverju lítilræði.

Af þessum sökum úrskurðaði nefndin á fundi 5. þ. m. að láta gjald yðar standa óbreytt að sinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. 13/12. [illegible] Lækkað um 2 kr.

Reykjavík þann 11/12 - 1906

Hjer með neiðist jeg undirskrifaður til að kvarta út af sveitar-
útsvari mínu, fyrir árið 1907. sem er að upphæð 16,00 kr. þar sem kaup mitt
var í 8 mánuði 80,00 kr. um mánuðinn og það voru mánuðurnir frá 1. mars til
nóvembermánaðar en hina mánuðina var það sama sem ekkineitt; en hvað verður
næsta ár, get jeg ekki sagt neitt um því jeg hef ekkert víst; en þó jeg vildi
fara til sjós hugsa jeg að það sæki í sama horfið og síðast að fæturnar
bili því jeg er orðinn fótaveikur. Fólkið sem jeg hef í heimili er konan og
eitt barn og heilsulítil ekkja með barni sem jeg styrki líka til þess að
þurfa ekki að vera hjálparþurfi; en sje ekkert tillit gjört til þess þá
er svo velkomið að jeg hætti því.

En til samjafnaðar ætla jeg að nefna (skipstjóra) Stefán Pálsson sem hefur
100,00 kr. um mánuðinn, samasem 1200,00 kr. um árið, og vísa atvinnu næsta ár,
jeg veit ekki annað en hann hafi líka vinnumann, en einn ómagi er á heim-
ilinu, og hann borgar aðeins 4,00 kr. meir en jeg? er þetta rjett?

Svo skal jeg nefna verzlunarmann Ragnar Þorsteinsson sem er einn
síns liðs og á að borga jafnt mjer en hefur fasta atvinnu og 1000,00 kr.
í laun fyrir næsta ár; en jeg hafði um 700,00 kr. árið sem leið og er gott
ef það nær svo hátt næsta ár.

Hingað kom maður með konu og eitt barn frá Seyðisfirði í haust að nafni
Friðbjörn Hólm Einarsson og á heima á Laugarvegi er verzlunarmaður hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Lindargötu 7. og fá jeg ekki sjeð að neitt sje lagt á hann.

Fleiri væri hægt að nefna með ójöfn gjöld, en mjer finst þetta geta gefið nógar upplýsingar hve ~~of~~ ójöfn þessi gjöld eru sem að framan er skráð, og skoða jeg þetta sem ókunnugleik nefndarinnar, enda sagði mjer einn maður sem hefur verið í nefndinni að hún væri mjög þakklát að taka á móti upplýsingum, og jeg veit að það er satt, því það er ekki fyrir fá menn að vita svo um efni og ástæður hvers einstakst mans í Reykjavík.

Virðingar-fyllst

Steingrímur Steingrímsson
(skipstjóri)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Herra skipstjóri Steingr. Steingrímsson.

Rvk. 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 11. f.m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1907, og var þessi kæra yðar athuguð á fundi nefndarinnar 5. þ.m.

Með því að það mun satt vera, að tekjur yðar sé ekki jafnmiklar sem nefndin hugði í upphafi, þótt þær vitanlega sé ekki svo rýrar sem þér gefið í skyn, þá úrskurðaði nefndin að færa gjaldið niður um 2 kr. úr 16 kr. í 14 kr. og það hyggur nefndin vera sannsýnilegt gjald eftir því sem á stendur.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað munnlega. Ekki sint

Háholti þann 14 Desember 1906

7. 14/12

Það er leiðinlegt að þurfa að vera
skrifa þessar útsvarskærur, þarið
Niðurjöfnunarnemdin ætti að þekkja
ástæður mínar, sem bráðum er búinn
að búa hjer í 24 ár.
Edilon Grímsson hefur 10 kr útsvar
ómagalaus, jeg er viss um að hann er
efnugri en jeg. Guðmundur á Kröggólfs-
stöðum hefur líka 10 kr. hann er stönd-
ugur maður, og á 3 börn einsog jeg
Bjarni Jónsson í Lágholti hefur 16 kr
útsvar eins og jeg, en Bjarni er svo
ríkur, að hann gæti víst lifað af
rentum sínum, og á hross og fjenað
og þar að auki ómagalaus.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús þarkelsson í Lágholti hefur 12 kr. útsvar hann á fleiri þúsund kr. í Bánkanum, og þarað auki væna jörð. Það hefði verið drengelegra fyrir Jónas í Steins-holti að gefa upplýsingar um Bjarna í Lágholti og Magnús, heldur en að leggja mig í einelti ár eftir ár, þó að drengernir mínir sjeu farnir að komast upp, þá á jeg þó 3 stúlkur og sú langelsta er þrettán ára hinar eru börn.

Það sýnist lítil sanngyrni í því innifalin að stórþengja útsvar á manni ár frá ári fyrir það að maður er að ala upp efnileg og — góð börn, en er sjálfur orðinn ónýtur að vinna.

Nú dyrfest jeg að skora á hina heiðraðu Niðurjöfnunarnefnd, að setja útsvar mitt niður í 12 krónur því mjer dettur ekki í hug að barga meira en Magnús í Lágholti.

Virðingafyllst

Einar Einarsson

Hefir 2 ungl. fullorðinsmanni
— 1 fullorðinn mann

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. 14/12

Þegar Niðurjöfnunarskráin bar fyrir augu mín sá eg að aukaútsvar mitt var nú eins og í fyrra 14 kr því þá var það hækkað um 2 kr frá fyrri árum eins og eg væri í framför bæði að efnum og vinnukröptum en það er ~~hvorugu~~ hvorugt. Eg skrifaði nefndinni í fyrra viðvíkjandi þessu en á einhvern hátt hefur það ekki komið til skila og skrifa eg það nú. að mjer skilst ekki á hvað er lagt hjá mjer sem getur hækkað útsvarið. Þar Ráðskona mín er heylsu lasin og lá í fyrra vetur frá Niari fram í Maí og opt árið áður. Þar að auki hef eg barn. sjálfur heylsutæpur opt heylsunnar og þess að vera eftir Ráðskonunni veikri hafði eg mjög stopula vinnu Jæja: þó eg geti haft jafnaðarmenn að gjaldi upphæðinni en ólíkum ástæðum enda þó mjer fyndist samsinnilegt að það mætti lækka í samanburði við aðra. Ætla eg ekki að klaga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfir því í þettað sinn með því líka að það getur verið ofseint. það væri óskandi ef það gæti heppnast svo. þá samt ef eg lifði annað ár að það yrði heldur lækkað en hækkað. því alt af dvína heldur kraptarnir og lúin fer í ~~og~~ vögst og þegar svo er þá rírna tekjur Erviðismannsins sem ekki hefur annað að styðjast við en sínar tvær hendur að vinna fyrir öllum þörfum.

virðingarfyllst

Hverfisgötu 42 – 13 Desember 1906
Þorlákur Halldórsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. 14/12

Ekki sint.

Undirskrifaður leyfir sér hérmeð allra virðingarfylst að fara þess á leit við hina heiðruðu

<u>niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar</u> að hún lækki útsvar mitt dálítið frá því sem hún hefir nú gert mér til greiðslu.

Ástæðurnar eru:

1, að ég hefi litla vinnu haft seinni part þessa árs og í

2, að mér hefir bæst <u>ómagi</u> nú á þessu ári.

Í von um að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd verði vel við þessari málaleitun minni er ég

Virðingarfylst.

Guðm. Jónsson

<u>Lindargötu 3.</u>

nú á <u>Lindargötu 1, B.</u>

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Guðm. Jónsson
Lindarg. 1 B.

Njn. 7. jan. 1907.

Fyrir hönd niðurjöfnunar-nefndarinnar skal eg gera yður kunnugt, að nefndin hefir á fundi 5. þ.m. athugað kæru yðar yfir útsvari því, er hún hafði lagt á yður um árið 1907, og eigi fundið nægar ástæður framfærðar af yðarri hendi til þess, að beiðni yðar um lækkun útsvarsins verði tekin til greina, þar sem þér yfirleitt hafið haft góða atvinnu árið sem leið, ekki lakari en aðrir trésmiðir á yðru reki, og litla ómegð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lækkað í þetta sinn um 4 Kr. vegna
10. 15/12. vantanlegs óskaða

Útsvars kjæra

Útaf útsvari því er á mig var lagt síðast liðið haust neiðist jeg til tafar laust, að tilkinna okkar háttvirtu niðurjöfnunar nefnd hjer í Reykjavíkurbæ, að hún hefur ekki gjört mjer rjett útsvar í ár, að leggja 12 krónur á mig. þar sem það er það allra hæðsta sem gæti komið til mála, að leggja á mig 4 til 6 krónur það er að segja samkvæmt nokkurri rjettlætis eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Má jeg spurja hverstir
nokkur maður sjer
úr niðurjöfnunarnefnd
=inni til dæmis til að fæða
og klæða 5 mans í heimili
fyrir aðeins sem næst
farið 3.25 króna ynn=
=tekt frá því í fyrra hau
=st og til þessa tíma
þettað verð jeg að gjöra
og borga húsaleigu
eða segja mig til sveitar
þar sem atvinna mín
mistukkaðist stórkostlega
ónærgjætni og tilfinning
=arleisi má als ekki eiga
sjer stað gagnvart mjer
nje öðrum í alþiðu erfiðis
=manna flokknum sem
allopplast verður hlutfalls
lega láng harðast úti
með að láta mörk af
hendi

Og útaf öllu þessu leifi
jeg mjer virðingarfilst
að krefjast þess að vor hátt=
=virta niðurjöfnunarnefnd
lækki útsvar það er hún
hefur gert mjer síðast
niður í 6 krónur það er
það allra hæsta sem
gjæti komið til mála
með að jeg gjaldi

Virðingarfilst
Grettirsgötu numer 10. 13/12
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10.

Herra Jónas Hieronymusson
Grettisgötu 10.

Rvík 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 13. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1907.

Enda þótt nefndin geti eigi fallist á að tekjur yðar muni hafa verið svo rýrar árið sem leið, eins og þér látið ~~[illegible]~~ uppi, þá vill hún þó taka það atriði til greina, sem þér að vísu nefnið eigi í bréfi yðar, að þér hafið, að minsta kosti fyrst um sinn í orði kveðnu, orðið fyrir talsverðum skaða, og úrskurðaði nefndin því að lækka gjald yðar í bili um 4 kr., úr 12 kr. í 8 kr. Þessi ~~[illegible]~~ úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. 12/12. Ekki einh

Samkvæmt niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur fyrir árið 1907, hefur niðurjöfnunarnefndinni þóknast að leggja á mig í útsvar 14 kr. Þetta útsvar mitt er 4 kr hærra en útsvarið sem á mjer hvíldi þetta yfirstandandi ár, og tel jeg það ofmikla hækkun og í alla staði ósanngjarna og leyfi mjer því að krefjast þess, að það verði lækkað. Ástæður mínar fyrir þessari kröfu eru aðallega þær er nú skal greina.

Í fyrsta lagi er þetta útsvar mitt ofhátt í samanburði við það sem mjer var gjört að greiða í ár til bæarins. Atvinna mín hefur verið að öllu samanlögðu lakari þetta árið en í fyrra og tekjur mínar þar af leiðandi minni. Kostnaður við heimilið og barnafræðslu hefur síst verið minni í ár en hann var í fyrra. Þegar alt er talið, hefur hann enda verið nokkuð meiri, svo að frá því sjónarmiði er hækkunin, jafnmikil, sem hún er, mjög ósanngjörn.

Í öðru lagi vil jeg taka það framm að þótt útgjöld bæarins hafi aukist síðan í fyrra, og þarfirnar sem niðurjöfnunarnefndinni bar að jafna niður á bæarbúa, sjeu þar af leiðandi nokkuð meiri eða hærri en síðast-liðið ár, þá er útsvarshækkun mín hlutfallslega miklu ~~en~~ meiri en sem þessum aukna þörfum nemur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá er í þriðja lagi útsvar mitt ofhátt þegar jeg ber það saman við útsvör ýmsra manna er stunda líka atvinnu og jeg, og hafa svipaðar tekjur, fleirað seigja því gjet jeg bent á menn, sem gjört er 1-2 kr hærra útsvarið en ~~[illegible]~~ mjer, en sem mjer er velkunnugt um að hafa minst 300–500 kr meiri árstekjur en jeg hefi haft þettað ár og eiga auk þess margfalt meiri eignir skuldlausar, og jafnvel peninga á vöxtum, en aftur á móti færri ~~ómaga~~ eða ~~og~~ jafnvel aungva ómaga.

Að öllu þessu yfirveguðu er það því ljóst, að mjer er gjört beinlínis rángt til í saman burði við þessa menn.

Jeg nefni eingin nöfn að þessu sinni en ætla niðurjöfnurnarnefndinni svo mikla skarpskygni og sanngirni að hún sjái glögt ójöfnuðinn sem hjer á sjer stað, ef hún annars athugar vel gjörðir sínar hlutdrægnislaust.

Krafa mín er því þessi, að útsvar mitt verði fært niður, og vænti jeg þess, að hin heiðraða nefnd taki hana til greina.

Reykjavík 17/12 – 1906

Árni Jónsson Gunnarsholti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Árni Jónsson
Gunnarsholti.

Njr. 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 17. f. m., kvartað undan útsvari því, 14 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1907, og krafist þess, að það verði lækkað, en í stað réttra skýrslna um atvinnutekjur yðar og hagi að öðru leyti, verður yður mjög tíðrætt um ósanngirni og rangindi nefndarinnar í yðvarn garð og um miklu meiri tekjur annarra ónafngreindra manna, er nefndin hlífi við sanngjörnu gjaldi. Þess konar málsemdir og stóryrði sanna ekki neitt.

Með því að nefndinni er eigi annað kunnugt, en að útsvarið sé hæfilegt, svo sem það var í haust ákveðið, þá úrskurðaði hún á fundi 5. þ. m., að það skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. 18/12.

Lækkað um 10.

Hel. Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavíkur

Jeg undirritaður bið hjer með hina heiðruðu nefnd að breita minu utsvari fyrir árið 1907 þannig að það sje lækkað niður í 20,00 kr í stað ~~innafyrir~~ 30,00 Kr á stöðunni fyrir því er svo að Jeg hef óvissar tekur og hef sjálfur 3 ung börn á 1–2–3 ári og eitt fósturbarn þar að auki og 2 gamalmenni sem Jeg þarf að klæða og fæða því vona Jeg að Nefndinni vilji gera svo vel og athuga kröfu mína um lækkunina sje ósanngjörn á móti marga aðra meiri menn enn mig og ómagalausa.

Virðingarfylst

Reykjavík 17/12-06

Ágúst Benidiktsson
Veitingam. Klampenborg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra veitingam. Ag. Benediktsson
Klampenborg.

Rvík 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 17. f. m., kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður um árið 1907, og voru ástæður yðrar athugaðar á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Þá er nefndin lagði á yður útsvarið í haust (30 kr.), var henni ókunnugt um, að þér hefðuð slíka ómegð fram að færa auk barna yðvarra, sem þér sjáið yður hafa, og hefir hún því fallist á kröfu yðra um lækkun og úrskurðað, að lækka útsvarið um 10 kr., svo sem þér farið fram á.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. 18/12.

Lækkað um 25 kr.

Eftir að eg hef kynnt mér niðurjöfnunarskrá Reykja-
víkurbæjar, sé eg að mér er gjört 250 kr. útsvar, eins og eg
mun hafa haft fyrirfarandi ár, en nú er þess að gæta, að eg
hef minnkað talsvert mína „forretning" og hef því eigi nærri
því jafnmikið sem áður. Við bókbandsvinnustofu mína
er eg alveg hættur og að mestu leyti við myndasmíði,
en við það hafði eg áður stöðugt 2–3 menn, nú að eins
einn og þó eigi nærri því að öllu leyti, því að hann vinn-
ur ýmislegt í sína þarfir. Bókaútgáfu er eg að mestu
leyti hættur við. Bóka- og pappírsverzlun mín hefur
heldur minnkað, sem eðlilegt er, þar sem fleiri eru orðnir
um það en verið hefur. Vesturfara-agentur minn hefur
ekki verið að telja síðasta ár.

Eg leyfi mér að taka til samanburðar Björn Jóns-
son ritstjóra, sem hefur ekki nema 175 kr. útsvar,
en hefur þó að mínu áliti engu minni tekjur en eg,
og á víst eins miklar eignir. Hann hefur útgáfu blaðs,
sem stendur föstum fótum, gefur út talsvert af bókum,
hefur prentsmiðju og bókbandsvinnustofur, þar sem
margir vinna við og auk þess bóka- og pappírsverzl-
un engu minni en eg. Getur mér því ekki betur
synst, en að hann ætti að hafa jafnmikið útsvar
og eg. Svo gæti eg líka tekið Halldór Þórðarsonar bók-
bindara til samanburðar, sem er stórefnaður maður,
og rekur prentsmiðjuiðn og bókband, en hefur þó
ekki nema einar 100 kr. í aukaútsvar.

Samkvæmt framanrituðu leyfi eg mér að fara fram
á það, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd lækki
útsvar mitt, svo að það verði ekki hærra en Björns
Jónssonar, eða ef henni þykir betur við eiga að hækka
útsvar hans, og Halldórs Þórðarsonar, svo að rétt-
ara hlutfall yrði á milli útsvars míns

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og útsvörum þeirra.

Reykjavík. 18. desbr. 1906

Virðingarfyllst

Sigfús Eymundsson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bóksali Sigf. Eymundarson

Rvík. 8. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 18. f. m., kvartað undan útsvari því, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1907, og stutt ~~það~~ kröfu yðra um lækkun útsvarsins með því, að tekjur yðrar, einkum af ljósmyndagerð og útflutningi fólks, væri nú miklum mun minni en áður.

Þessar málsendir yðrar munu af sömu efni gervar og þótti nefndinni því hlýða að gefa þeim gaum með því að færa gjaldið lítið eitt niður, því að þótt tekjurnar sé rýrari en áður, þá eru efnin stórmikil og standa traustum fótum, en ómegð engin. Af þessum sökum úrskurðaði nefndin að lækka útsvarið um 25 kr. Aftur á móti treystist nefndin eigi til að breyta gjöldum þeirra manna (að sinni), er þér berið yður saman við, með því að högum þeirra er í bili svo háttað, einkum Bjarnar Jónssonar, að veruleg samjöfnun fer trauðla staðist.

Þessi úrslit birti ég yður að forlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. 23/12.

Lækkað um 35 kr.

Eptir að eg hafði séð og lesið niðurjöfnunarskrá Reykjavíkurkaupstaðar fyrir næsta ár eða 1907, þá leyfi eg mér að athuga auka-útsvar það, er hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hefir gert mér að greiða, að upphæð 175 kr.

Hin heiðraða nefnd mun hafa verið það full kunnugt, að eg hefi setið í óskiptu búi um nokkur ár. En hún hefir að líkindum ekki munað eptir, eða dottið í í hug að eg væri búinn að láta skipta búinu, og því síðr hefir hún athugað, hversu miklu það skiptir hina fjárhagslegu hlið bús míns.

Eg á 4 börn eptir fyrra hjónaband mitt, og leiðir því erfingjatala það af sér, að eg verð að missa eða láta 2/5 hluti búsins. – Þessa upphæð á eg að greiða samkvæmt skiptagerðinni eptir nýárið, en til þess verð eg að taka lán. Auk þess hafa skiptin talsverðan kostn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að í för með sér, einsog hinni heiðruðu nefnd hlýtr að vera kunnugt.

Þótt nú að engin skipti hefðu átt sér stað á búi mínu, þá hefði samt útsvarið, sem mér er gert, verið allt of hátt í samanburði við ýmsa aðra kaupmenn einsog t. d. Gunnar Þorbjarnarson, Gunnar Gunnarsson og Fl.

Gunnari Þorbjarnarsyni kaupm. er gert að greiða 25 kr. minna útsvar en mér. Hann var búinn að vera verzlunarmaðr með góðum launum í mörg ár áðr en hann byrjaði verzlun sjálfr fyrir eigin reikning, verzlaði svo í mörg ár, hafði fyrir engum að sjá nema sjálfum sér. Verzlunin gekk vel og fór sí vaxandi, hann keypti svo lóð og verzlunarhús þau er hann rekr nú verzlun í, sem er einn bezti verzlunarstaðr í bænum. Verzlunin hefir margfaldast og stækkar með hverju árinu. — Ég skal t. d. geta þess, að hann selr 800 fl. Carlsbergsöl á sama tíma og ég sel 150 fl. eða um árið. Hann selr opt í einni veizlu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meira af dýrum vínum, en ég sel yfir árið. Bremnivín selr hann tvöfalt við mig um árið. Ég skal ekki fara neinum ýkjum um það né getum, en svo mikið er mér óhætt að fullyrða, að hann verslar meira en þrefalt við mig um árið. — Og mikiu léttara heimili hefir hann, það veit nefndin eins vel og ég.

Gunnar Gunnarsson kaupm. verslar eins mikið við tvo hreppi hérna í grendinni, eins og ég versla ~~allt~~ um árið alls. Vínverslun hans er talsvert meiri en hjá mér, eptir því sem Cohn segir, sem er hans aðal „leverandör“ í öli og vínum. Það er mér óhætt að fullyrða, að hann verslar fjórfalt við mig um árið.

Ég hefi haft og hef litla verslun, svo litla, að ég hefi aldrei séð mér fært, að taka mér búðardreng auk heldur dýrari að-stoðarmann. Allt af verið skuldunum vafinn og orðið að berjast með tvo. veð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuldir á húseigninni. — Fyrir tveim árum eða 1904, var verslun mín aðeins 10,000 kr. yfir árið, svo á þessari verslun (Omsætning) getr hin heiðraða nefnd séð, að tekjurnar eru litlar.

Að svo mæltu, skal ég ekki fara fleiri orðum um mál þetta, en leyfa mér að krefjast þess, að hin heiðraða niðrjöfnunarnefnd færi niðr nú þegar aukaútsvar mitt úr 175 kr. niðr í 80 kr., því að meira getr mér ekki borið að greiða í aukaútsvar fyrir næsta ár, ef fara á eftir efnum og ástæðum mínum einsog þær eru nú.

Reykjavík, 22. dec. 1906

Virðingarfyllst.

Ben. S. Þórarinsson

Til
niðrjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavíkrkaupstað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra kaupm. Ben. S. Þórarinsson

Rvík. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 22. f.m., kvartað undan útsvari því (175 kr.), er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður ~~til~~ bæjarþarfa um árið 1907, og borið það ~~fyrir~~ fram, að skifta eigi búi yðru þessa dagana og verðið þér þá að láta af hendi sem svarar 2/5 hlutum búsins.

Þessa ástæðu yðra hefir nefndin athugað á fundi 5. þ.m. og ákveðið að taka beri hana til greina; úrskurðaði nefndin að færa útsvarið niður um 35 kr. eða úr 175 kr. 140 kr. og hyggur nefndin það eftir atvikum hæfilega niðurfærslu.

Svo löguð úrslit þessa máls birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. 27/12.

Ekki sent

Reykjavík 22/12. – 1906

Heiðraða niðurjöfnunarnefnd
Reykjavíkur!

Í tilefni af að yður hefur þóknast að leggja á mig aukaútsvar, þá leyfi jeg mjer að bera mig upp undan því, með því jeg þykist ekki skyldur að greiða hjer aukaútsvar nje önnur gjöld, fremur en aðrir sjómenn sem stunda fiskiveiðar á þilskipunum hjeðan frá Reykjavík, enda þótt jeg dvelji hjer þessa mánuði að vetrinum, og saumi segl heldur en að gera ekkert, en sem er atvinna sem lítið gefur fram yfir fæði og húsaleigu; en dvöl mín hjer er helzt til að tryggja mjer fólk til næsta útgerðartíma; en heimili á jeg í Keflavík í Rosmhvalaneshreppi og held þar hús og sje þar að öllu leiti fyrir föður mínum heilsulausum og svo barni 9 ára gömlu sem hann á; og borga jeg þar öll opinber gjöld, aukaútsvar sem annað.

Það var svo fjarri mjer að fara að vera hjer í vetur undir neinu yfirskini t. d. að segja að jeg væri námsmaður eða því uml.; en hinsvegar treysti jeg því að hjer ættu sæti í niðurjöfnunarnefnd þeir menn sem jöfnuðu gjöldum niður eftir samsyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en hjer kemur ekki neinn ókunnugleiki til
greina, þar sem herra lögregluþjónn Jónas Jónas-
sen átti sæti í nefndinni, og þá sýndist að
jeg mætti vera öruggur um að það yrði lagt
á mig eftir samsýni, en; „30 kr. þrjátíu
krónur“ get jeg ekki sagt að sje eftir samsýni,
því mín hugmind er að jeg eigi hjer ekkert
aukaútsvar að borga, en ef Reykjavíkurbær
þykist eiga eitthvað fyrir dvöl mína hjer þessa
5 mánuði að vetrinum, (jeg tek ekki til
tímann sem jeg er til sjós, því þá legi jeg
hjer ekkert verelsi en er hjer að öllu leiti
sem hver annar aðkomandi sjómaður, t. d.
sem Jón Árnason á Heimaskaga) þá skilst
mjer að það átti að greiðast ~~þá~~ þeim hrepp
að hlutfalli við það sem jeg borga þar; en ef
lög eru til þess að leggja megi á mig ~~aut~~
aukaútsvar hjer þá mun jeg ekki skorast
undan að borga samsýnt gjald, sem jeg
kalla að ekki geti farið fram yfir 10–12 kr;
til frekari skýringar skal jeg geta þess að
jeg varð fyrir óhappi að kaupa ~~skip~~ part í
skipi og reyndist skipið ónýtt á fyrsta ári,
og má segja að ólíkt sje sjálfskaparvíti, en þau
eru ekki betri en önnur, og beið jeg mikið tjón
af því, svo ástæður mínar eru ekki þannig
lagaðar að ástæða sje til að leggja á mig
hátt aukaútsvar.

Til frekari skýringar læt jeg hjer fylgja
með vottorð frá hreppstjóra Rosmhvalanes-
hrepps

Virðingarfyllst
Sigurður Oddsson skipstjóri

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Sigurður Oddsson
skipstjóri.

Rvík. 7. jan. 1908.

Þér hafið í bréfi, dags. 22. f. m., kært útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa um árið 1907, og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Þér látið það uppi í bréfi yðru, að þér eigið engin gjöld hér af hendi að inna til bæjarþarfa og berið það fyrir yður, að þér eigið heimili og haldið hús í Keflavík og sjáið þar fyrir föður yðrum farlama og barni hans – og hafið fengið hreppstjórann í Rosmhvalaness-hreppi til að votta, að þér greiðið þar öll opinber gjöld.

Þessar ástæður yðrar eru að engu nýtar, þar sem það er alkunna, að þér rekið hér atvinnu og eigið hér heima allt árið, farið að eins snögga ferð, kynnisför, til þessa heimilis yðvars, ~~ett~~ er þér svo kallið, í Keflavík einu sinni á ári eða svo. Lögheimili yðvart er því hér, en eigi í Keflavík, og hér eigið þér að greiða öll opinber gjöld, en eigi þar, enda skiftir það engu, hvar þér hafið látið skrifa yður til heimilis, ef hið sanna heimili yðvart reynist að vera annars staðar. Þér vinnið einn með heiðri og sóma fyrir föður yðrum heilsulausum og eruð alls eigi skyldur að greiða þar „öll opinber gjöld", ~~sem~~ þér sjáið yður hagkvæmast að hafa hann, en hann, ómaginn, þar eigi ráðið ~~því~~ heimilisfangi yðru.

Af téðum sökum úrskurð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áði nefndin að hagga engu í álagning aukaútsvars yðvars.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

NB. Vottorð hreppstjórans var afhent Sigurði Oddssyni 23/9 1908. P. P.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. 24/12.

# Til

## Ligningskommissionen.

Jeg, undertegnede, tillader mig herved höfligst at henvende mig til den ærede Kommission for Skattevæsenet i Reykjavik angaaende den mig G. D. tilsendte Skatteopkrævning paa 100 Kroner.

Jeg ansöger om at faa den mig idömte Skat nedsat og Paadömmelsen udsat af fölgende Grunde.

Jeg tiltræder först den 1' Januar 1907 min Stilling som Driftsbestyrer paa Hotel Island og har siden min Ankomst her til Reykjavik den 26 November d. A. kun haft fri Kost og Logi, men ingensomhelst Gage, hvoraf D.hrr maa kunne se, at jeg endnu kun har haft Udgifter og ingen Indtægter.

Den Gage, 3000 Kr., som jeg erholder aarlig fra 1' Januar 1907 at regne, er ikke Gage for mit Arbejde alene, men den Betaling, som min Hustru skal have som Direktrise for Kökkenvæsenet paa Hotellet er efter gensidig Kontrakt iberegnet ovennævnte Sum.

Da jeg först for fire Maaneder siden blev gift her paa Island, har jeg först nu Lejlighed og Udsigt til Midler til at stifte Hjem her paa Hotellet, hvorfor jeg ansöger om Nedsættelse i den mig paadömte aarlige Sum, samt Udsættelse for Tiden paa hvilken Skatten træder i Kraft.

Reykjavik den 23' December 1906

Med Höjagtelse tegner

Svend Christian Carlsen
Restaurratör
Hotel Island

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Restauratör Svend Chr. Carlsen

Njv. 13. Jan. 1907.

Efter at have modtaget Deres ærede Svarskrivelse af 11. ds. med de deri indeholdte vigtige Oplysninger om Deres Forhold med videre, har jeg konfereret med Kommissionens Medlemmer angaaende den Skat, der er bleven paalignet Dem for Aaret 1907.

Deres egen Klage af 23. f. M. i Forbindelse med de i ovennævnte Skrivelse indeholdte Oplysninger blev tagen til Overvejelse paa den ene og Hr. Kiörboes Klage paa den anden Side. Efter nöje at have undersögt Sagen, kom Kommissionen til det Resultat, at Deres Skat ikke var for höjt ansat, men at der paa den anden Side og under nærværende Omstændigheder ikke var nogen tvingende Grunde til Forhöjelse tilstede, hvorfor det blev resolveret, at den Dem ~~ansatte~~ paalagte Skat, 100 Kr. skulde staa ved Magt.

Dette Udfald meddeles Dem herved paa Kommissionens Vegne.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Restauratör S. Chr. Carlsen
Hotel Island

+

Rvk. 7/1 1907.

I Anledning af en af Hr. Arkitekt Fr. Kiörboe til Ligningskommissionen indgiven Klage, ~~der følger herved som Bilag~~, ~~skal jeg~~ hvori han tager Dem til Sammenligning, skal jeg paa Kommissionens Vegne udbede mig Deres Svar paa, om de Oplysninger han giver angaaende Deres Indtægter, nemlig med Hensyn til frit Ophold (Kost og Logi) paa Hotellet for Dem selv og Deres Hustru, ~~tagen~~ er overensstemmende med Sandheden. Dette sidste har De selv ikke omtalt i Deres Klage.

Hr. Kiörboes Klage følger med som Bilag, men ønskes tilbagesendt med Svaret saa snart som muligt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með ávísa eg síra Ólafi Ólafssyni
kr. 42,20 fyr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik den 11. Jan. 1907

Til
Ligningskommissionen
i Reykjavik.

Fra Kommissionens höjstærede Formand har jeg modtaget en Skrivelse, dat. 7. d. M., hvori jeg anmodes om at oplyse hvorvidt de af Hr. Arkitekt Kiörboe i et, med ommeldte Skrivelse fulgte, Brev givne Oplysninger angaaende mine Indtægter, navnlig med Hensyn til frit Ophold (Kost og Logis) paa Hotel Island for mig og min Hustru, er overensstemmende med Sandheden. Svar herpaa tror jeg at jeg allerede har givet i min tidligere Skrivelse til Kommissionen. Det er nemlig næsten en aldeles upaavigelig Regel i Restauratörfaget at Personalet har fri Kost, samt ligeledes frit Logis hvis det bor i Forretningen. Hvis jeg i min Skrivelse til Kommissionen ikke har sagt tydelig nok at baade jeg og min Hustru havde frit Ophold

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

paa „Hotel Island“ saa er det fordi jeg er gaaet ud fra at den nævnte almindelige Regel var bekendt ogsaa her oppe.

Hr. Arkitekt Kiörboe har fundet det rigtigt at tage min Skat til sammenligning med sin for at faa Nedsættelse. Jeg tror nu ikke at man, hvis man undersöger Sagen til Bunds, kan være i Tvivl om at Hr. Kiörboe i det mindste skal betale 250 kr. hvis jeg skal betale 100 kr. Hr. Kiörboe har en aarlig Gage af 4800 kroner for sit eget Arbejde alene, og hans Arbejde lader til at være temmelig let og ikke særlig bindende, idet mindste ser det ud til at det meste af Vinteren skal gaa uden at Hr. Kiörboe behöver at arbejde for sin Lön og enhver kan forstaa, at han maa kunde tjene meget ved privat Arbejde. Hvad mig angaar da er den Lön jeg faar, ikke alene Betaling for mit Arbejde men den indbefattes ogsaa Gage til min Hustru som Bestyrerinde for en Koge- og Husmoderskole for unge Piger og hvis derfor min Hustru f. Eks. skulde blive syg saa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

saa vilde jeg komme til at betale Lön til den Dame som skulde overtage hendes Arbejde. Men ikke nok hermed — af min Lön maa jeg desforuden betale 100 kr. i Rejsepenge for en Kogejomfru, der skal komme herop med næste Skib og endvidere Halvdelen af denne Kogejomfrus Gage 35 kr. om Maaneden i 8 Maaneder og 50 kr. i 4 Maaneder. Min Hustru og jeg maa arbejde i Forretningen gennemsnitlig 17—18 Timer i Dögnet og vi er derfor aldeles udelukkede fra noget Bierhverv. Jeg haaber at man af foranstaaende vil kunde indse at min Stilling er vidt forskellig fra Hr. Kiörboes.

Naar Hr. Kiörboe anförer at han har Ekstraudgifter ved sine Rejser fra og til Danmark, hvilke Udgifter han ansætter til ca. 200 kr. som forekommer mig altfor höjt beregnet, saa kan jeg fra min Side anföre at jeg, för min Afrejse fra Köbenhavn den 26. Nov. f. A., maatte arbejde derneda i tre Uger for at træffe forskellige

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Forberedelser til Driften af „Hotel Island"
men uden at jeg faar, eller har Ret til at
faa, nogen Betaling hos Hotellets Inde-
havere for dette mit Arbejde, og i denne Tid
maatte jeg altsaa forbruge mine Midler
til mit og min Hustrus Underhold, og i
Tidsrummet fra min Ankomst hertil og
indtil 1. d. M. havde jeg kun fri Kost
og Logi; men ingen Gage. Af omkostn-
ingerne ved min og min Hustrus Rejse
herop maatte jeg betale Halvdelen og det
samme kommer jeg til ved vores Tilbagerejse, hvor-
ved jeg skal bemærke at jeg kun er engag-
eret paa 2 Aar med et halvt Aars opsigelses-
varsel, saa i den Retning er Forskellen mellem
mig og Hr. Kiørboe ikke stor.
Endvidere skal jeg anføre at jeg blev gift sidste
Sommer og har nu maattet tage et Laan paa 2000 Kr.
her i Islands Bank for at kunne købe Møbler
og andet Bohave.

Jeg haaber at den ærede Kommission
vil tage det i dette og mit forrige Brev inde-
holdte Oplysninger under alvorlig Over-
vejelse og med Hensynstagen til disse nedsætte
min Skat betydelig.

Hr. Kiørboes Brev tilbagesendes hoslagt.

Ærbødigst
Svend Karlsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. 28/12.

Lækkað um 10 kr.

Þegar eg las í gegn niðurjöfnunarskrá Reykj-
fyrir 1907 - prentaða í Ísafoldar prentsm. sá eg þar, að
mjer væri gjört að greiða í útsvar Kr. 40,oo -
- ef þettað er eigi prentvilla hef eg dálítið að athuga
við það.

Í fyrsta lagi, er mjer þessi hækkun - um 15 kr -
frá 25 kr. upp í 40 kr. alveg óskiljanleg; mjer er
alveg ókunnugt um, að eg eigi von á auknum
tekjum n.á. - en svo er að sjá, að hin háttvirta
nefnd sjái þar eitthvað kunnugri, þegar hún
hækkar útsvarið um 3/5 parta - Laun mín
í ár, fyrra, og næstkomandi ár og verða er/ Kr. 1500.oo
— fimmtán hundruð krónur —— pr ár; og
hef eg engar aukatekjur, og býst eigi við þeim
Ástæður mínar næstkomandi ár, verða engu
betri, en hafa verið hin árin,

Í öðru lagi er það; að þegar eg lít yfir skrána
og sjá hvað ýmsum öðrum verzlunarm. er gjört
að greiða í útsvar - þá sje eg að hin háttvirta
nefnd hefur gengið út frá að eg hefði all ríf-
legar tekjur; t d. Jacob Jonsson, Karl Nicolasson,
Julius Árnason, Þórður Bjarnason, - þessir menn
hafa að líkindum líkar tekjur og jeg; en hvað
er þeim gjört að greiða? Og svo t.d. verzlm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A. Sörensen, greidir Kr. 40-. og hefur c. 2000 Kr laun; og svo Gudm. Loftsson, og Hans Hoffmann annar með 1200 Kr. laun, og hinn líklega meirð laun greiða 20 kr!

Jeg vonast nú til að hin háttvirta nefnd leiðrjetti þennan misskilning sinn með þetta'ð útsvar mitt, sem náttúrlega hlýtur að vera af ókunnugleika á högum mínum.

Reykjavík 27 Desemb. 1906

Virðingarfyllst

Jón Eyvindsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra bókhaldari Jón Eyvindarson.

Rvík. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 27. f. m., kært útsvar það til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða um árið 1907, og var bréfið lagt fram á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Enda þótt nefndin eigi bágt með að trúa því, að þér, sem eruð bókhaldari og oft og tíðum aðalmaður við umsjón stórrar verzlunar, hafið eigi meiri tekjur en þér greinið af þessari atvinnu, þá þótti eigi annað hlýða en taka skýrslu yðra gilda, og úrskurðaði því nefndin að lækka gjald yðvart um 10 kr., úr 40 kr. í 30 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. 30/12.

Lækkað um 10 kr.

Reykjavík 27. desbr. 1906.

Það lítur út fyrir að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi gengið að því vísu, að efni mín og ástæður hafi tekið stórkostlegum breytingum síðan í fyrra, þar sem hún hefur farið að auka útsvar mitt úr 30 Krónum upp í 70 Krónur fyrir árið 1907, án þess þó að mjer sje kunnugt um að útsvör bæjarmanna hafi hækkað yfirleitt nokkuð þessu líkt. Hitt hefi jeg heyrt, að einstakir niðurjöfnunarnefndarmenn hafa kvartað yfir því, að bæjarstjórnin hafi ákveðið nefndinni of lága upphæð til niðurjöfnunar og að nefndin af þeirri ástæðu einni hafi orðið að hækka útsvar ýmsra efnuðustu og tekjumestu borgara bæjarins.

Það mundi engum kærara en mjer, að ástæða væri til þessarar c. 130% hækkunar, en því miður er ekki svo, því að efni mín og ástæður munu að litlu leyti betri nú en í fyrra, öðru en því, að jeg hefi á þessu ári haft um 100 kr. meira í tekjur af Kjötskoðun en í fyrra, en það stafar aptur aðallega af því, að Kjötskoðunin byrjaði hjer ekki fyr en 3 mánuðir voru liðnir af árinu 1905.

Að nokkur sjerstök ástæða hafi verið til þess, að taka fram að helming þessa tekjuauka í bæjarsjóð, er mjer óskiljanlegt og það því fremur sem niðurjöfnunarnefndin út úr vandræðum varð að lækka útsvar á mönnum með jafnmikið eða meira gjaldþol en í fyrra, eða þá hækkaði alls ekkert á öðrum, sem vitanlega hafa nú mun meiri fastar tekjur en fyr, og mætti þar til nefna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

brunamálastjóri bæjarins, herra Kristján Þorgrímsson, er skömmu áður en niðurjöfnunin fór fram, hafði áskotnast í viðbót 600 króna embætti.

Annars skal jeg játa það, að „absolut“ skoðað mundi ekki fjarri lagi, að útsvar mitt væri um 70 krónur, ef litið væri eingöngu á tekjur mínar frá ári til árs, þótt jeg raunar hafi talsvert þungt hús, þar sem jeg hefi 6 manns í heimili. En þegar tekið er tillit til þess, að fyrir 3–4 árum misti jeg allar eigur mínar óvátryggðar í Glasgowbrunanum og stóð þá uppi með skuldir einar, verður útsvarsgjaldið æði ósanngjarnt, enda er jeg þess fullviss, að heiðraði niðurjöfnunarnefndarmenn muni fara nær um það, hve mikið verða muni afgangs á 3–4 árum til skuldalúkninga hjá heimilisföður, sem hefur 5 og 6 manns í heimili og þetta 22–29 hundruð króna tekjur á ári.

Útsvar mitt hefur verið þrjú síðustu árin 25–30 krónur, en árið sem bruninn gekk jeg 50 krónur. Það er því sýnilegt að hinum fyrri niðurjöfnunarnefndum hefur skilist það, að efni mín hafi rýrnað að mun við brunann, enda hafa þær sýnt sanngirni í útsvarsálagium, lækkað það fyrst um helming og hækkað það síðan lítið eitt eptir því sem frá leið brunanum, og hafði jeg búizt við að það hækkaði þannig smátt og smátt, en hins ekki, að það væri á 4. ári hækkað svo gífurlega að það kæmist 40% upp úr því, sem það var fyrir brunann.

Annars er mjer næst skapi að halda að hin háttv. niðurjöfnunarnefnd í ár hafi ekki munað eptir þessu brunaóhappi, því að að öðrum kosti er mjer það óskiljanlegt, hvernig nefndin fer að verja það, er hún ætlar mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

70 króna útsvar, en t. d. Kristjáni konsúl Þorgrímssyni, Vilh. tannlækni Bernhöft og Sigurði adjunkt Thoroddsen aðeins 80 krónur hverjum, og hafa þó allir þessir borgarar eflaust meiri árlegar tekjur, hver um sig, en jeg, viðlíka þungt hús, og síðast en ekki sízt — munu þeir taka árlegar rentur af að minnsta kosti jafnmörgum þúsund króna eign og jeg borga af skuld.

Jeg leyfi mjer því samkvæmt framanskráðu að skora á hina háttv. niðurjöfnunarnefnd, að lækka útsvar mitt niður í 40 krónur, er mun að öllu samanlögðu vera all-sanngjarnt.

Virðingarfyllst
Magnús Einarsson
dýralæknir

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. dýralæknir M. Einarsson

Njr. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi dags. 27. f. m. kvartað undan útsvari því til bæjarþarfa ~~um árið 1907~~, er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður um árið 1907, og var bréfið lagt fram og athugað á fundi nefndarinnar 5. þ. m.

Nefndin hefir undanfarin ár gert sér far um sýna yður tilhliðrunarsemi í álagning aukaútsvars, svo sem henni var ~~og~~ skylt, enda hafið þér og sjálfur við það kannast; þetta hefir nefndin enn gert, þótt eigi hafi það verið í svo ríkum mæli sem áður, þar sem hún nú í haust færði gjaldið upp í 70 kr., því að það er þó enn mikla lægra en ella myndi verið haf. ef þér hefðuð eigi beðið mikinn eignamissi fyrir nokkurum árum. Samt sem áður afréð nefndin að lækka útsvarið um 10 kr., það er hún hafði gert yður, svo að það verði með engu móti, ~~og hvernig sem á er litið,~~ talið of hátt, hvernig ~~sem~~ á er litið, án þess þó að hagga við gjöldum þeirra manna, er þér að eins nefnið til samanburðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R.vík 27. des. 1906.

19. 31/12.

Ekki sint.

Hjer með leifi jeg mjer að fara
þess á leit við hina heiðruðu niður-
jöfnunarnefnd að hún lækki auka
útsvar mitt, jeg veit ekki af hvaða
ástæðum er hækkað á mjer ár frá ári
en ekki öðrum sem betri ástæður hafa
og líkar kringumstæður. — Eins og
hr. Knud Zimsen veit var eldri
drengur minn í hans þjónustu
í 2 ár og hafði hjá honum fyrra
árið 25 kr. á mánuði en síðara árið
30 kr., og sjá allir að þetta er ekki
fyrir fæði, húsnæði, klæði og skótaui
auk heldur afgangur, og nú þetta
ár hefur hann verið trjesmiðs-nemi
og ætti hr. Sigvaldi Bjarnasyni að
vera kunnugt um hvað drengirnir
er borgað á 1. námsári, hinn drengurinn
er á 17. árinu, og sjá allir að
hann getur ekki að hafa afgang

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og í sama hverfi út á mann sem
nú skal greina er þetta ósanngjarnt
útsvar: Jón Oddsson Bræðraborgarstíg
hefir pilt á sama aldri, en hefir
ekki nema 10. kr. Oddur Helgason
Hlíðarhúsum hefir pilt á sama aldri
hefir ekki nema 12. kr. og hefir sá
piltur þó fasta stöðu. — Oddur Árnason
í Hóli hefir einnig pilt á sama
aldri, sem hann hefir tekið, hefir ekki
nema 14. kr. og er að allra áliti sem best
þekkja [illegible] efnaður maður. Guðjón Björns-
son Mobergi hefir fasta atvinnu
og uppkominn pilt hefir lægra útsvar
en ég, svona mætti nefna mörg fleiri
ef þarfa þætti. Ég ~~sá~~ á þó smá-
telpu sem ég þarf að borga skóla-
gjald 20. kr. og 10. kr. minnst í bækur
fyrir sem allir þessir menn eru lausir
við. Ég vona því að hin
háttvirta niðurjöfnunarnefnd

taki þessar ástæður mínar til greina.

Með virðingu
Einar Björnsson
Ráðagerði

Til formanns
niðurjöfnunarnefndar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Einar Björnsson
Ráðagerði

Nfn. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 27. f. m., kært útsvar það, er yður var gert að greiða í bæjarsjóð um árið 1907, að upphæð 16 kr.

Nefndin getur eigi fallist á ástæður þær, er þér færið fram til sönnunar því, að útsvar yðar sé of mikið í samanburði við útsvör þeirra manna, er þér nefnið, því að það sé á margra manna vitorði, að allur hagur yðar sé í ~~bezta~~ lagi og eignir meiri og betri en þeirra manna flestra, er þér nefnið, ~~Fyrir þessar sakir var samþykt að láta gjald yðar standa óbreytt~~ en útsvör þeirra annara standa til hækkunar síðar. Fyrir þessar sakir var samþykt að láta gjald yðar standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður í umboði nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. 30/12.

Lækkað um 6 Kr.

Mér undirskrifuðum hefur verið sett 12 króna útsvar árið 1907. en þar sem ég sé mér ekki fært að borga þessa upphæð vildi ég biðjast þess að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd annaðhvort vildi fella það burt, eða ef það er ekki fáanlegt, að hún færði það niður í 4 krónur.

Ástæður mínar eru svoleiðis að ég hefi að sjá fyrir konu og 3 börnum en á engar eigur og varð ég að neyðast til síðastliðinn vetur að taka lán gegn ábyrgð framfærsluhrepps míns (Villingaholtshrepps) þó ég með hjálp góðra manna sé búinn að borga það aftur.

Þessa beiðni mína treysti ég að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki til greina

Virðingarfyllst

Reykjavík (Hverfisgötu 51. 29 des. 1906

Ásbjörn Sveinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavíkurbæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20.

Herra Ásbjörn Sveinsson
Hverfisgötu 51.

Njn. 9. jan. 1907.

Niðurjöfnunarnefndin hefir á fundi 5. þ. m. athugað kvörtun yðar undan aukaútsvari því, er á yður var lagt til bæjarþarfa um árið 1907 og fallist á að taka hana til greina á þann hátt að lækka gjaldið í þetta sinn um 6 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. 31/12.

Ekki sint.

Hefir ekki fasta atvinnu

Af niðurjöfnunarskrá Reykjavíkur 1907 sé jeg, að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur þóknast að leggja á mig 12 krónur, sem útsvar til fátækrasjóðs bæjarins, en þar að jeg hygg að þetta sje byggt á ókunnugleik nefndarinnar leyfi jeg mjer, hjer með, að skýra nefndinni frá því, að jeg er löglega vistráðið hjú hjá mági mínum herra Helga Skúlasyni á Herríðarhóli í Ásahreppi, og mun jeg, þegar að afstöðnum mannæsta nýjársdag geta gefið nefndinni fullkomnari sannanir fyrir þessu, ef krafist verður.

Eins og að undanförnu býst jeg við, að nú þegar sje búið að leggja á mig sveitarútsvar í Ásahreppi, sem flesta aðra vinnumenn þar í hreppnum.

Jafnframt því, sem jeg skýri hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd frá þessu, krefst jeg þess hjer með, að útsvar það, er hún hefur lagt á mig eins og að ofangreinir, verði fellt í burtu með öllu.

p. t. Reykjavík 19 desember 1906

Virðingarfyllst.
Þorl. Andrésson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorl. Andrésson
pípugjörðarmaður
Rvík

Njr. 7. jan. 1907.

Þér hafið í bréfi, dags. 19. f. m. krafist þess, að jelt verði burt útsvar það, er niðurjöfnunarnefndin lagði á yður til bæjarþarfa um árið 1907, og borið það fram, að þér séuð vistráðið hjú austur í Ásahreppi.

Þetta mun eigi vera allskostar rétt, því að þér hafið hér fasta atvinnu við iðn, svo sem kunnugt er, og getið því með engu móti að lögum talist hjú manns, er býr langt í burtu og hefir yðar engin not allan árstímann; ~~varðar ekki~~ enda bætir það ekki úr skák, þó að þér hafið fengið hreppsnefndina þar til að leggja á yður eitthvert málamyndargjald. Má yfirhylming í því sem öðru varða við lög og er yður eigi vert að hafa hátt um þá ástæðu yðra. Nefndin hefir því eigi fundið í bréfi yðru nein rök til þess, að hún megi verða við kröfu yðvarri, og hefir úrskurðað, að gjaldið (12 kr.) skuli standa óbreytt.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22.

Herra Einar Bjarnason
járnsmíðanemandi
hjá Bjarnhéðni

Rvík. 10. jan. 1907.

Niðurjöfnunarnefndin hefir á fundi 5. þ. m., eftir munnlegri bón yðar fyrir einum nefndarmanna, felt burt með öllu útsvar það, er á yður var lagt um árið 1907 til bæjarþarfa, með því að þér væruð ~~nemandi~~ við smíðanám og ættuð eigi þær eignir, er til greina geti komið á að leggja.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. 10/1.

Háttvirta niðurjöfnunarnefnd!

Undirritaður vill hjermeð gjöra kunnugt, að hann getur ekki fundið gjörðir nefndarinnar alskostar rjettmætar, hvað hann snertir. Á mig voru lagðar, eins og kunnugt er 10 kr. í sumar, en 20 kr. nú og hef ég þó ei verið meir en 6 mánuði hjer í bænum. Finnst mjer þetta ei sanngjarnt, þar sem vinna mín þenna tíma hefur ei verið meiri en tap 600 kr. Ennfremur eru efni mín eigi það mikil, að þetta geti náð nokkurri átt, og ef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin vill gæta samsýni
og bera mig saman við aðra
á jöfnunarskránni, þá
hygg jeg að hún muni kom-
ast að raun um hið sama.
Jeg ætla ekki að taka neina
menn til samanburðar, því
mjer finnst það liggja í
augum uppi, ef nefndin
tekur efnahag minn og
annara á jöfnunarskránni,
með jafnmiklu úrsvari, til
samanburðar, að hún þá sjái
að kvartanir mínar eru rjett-
mætar.

Helgi Guðmundsson
frá Akureyri.
Bergstaðastræti 46.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23.

Herra Helgi Guðmundsson málari
(frá Akureyri)
Bergstaðastræti 46.

Nýr. 10. jan. 1907.

Þér hafið í ódagsettu bréfi, sem mér barst í dag, kvartað um, að útsvar það væri of hátt (~~20 kr.~~), er á yður var lagt ~~í síðustu niðurjöfnun um árið 1907~~ síðara helming ársins 1906 (10 kr.) og alt árið 1907 (20 kr.)

Þetta bréf barst of seint til þess, að það yrði rætt og úrskurðað af nefndinni, konufrestur liðinn 31. des. En eg hygg, að engin breyting í útsvarinu hefði fengizt, þótt bréfið hefði komið nógu snemma, því að nefndinni var sennilega kunnugt um, hverjar tekjur yðar myndi vera, að kalla alveg sama upphæð sem þér nefnið, og eftir því var gjaldið ákveðið. En um hagi yðar að öðru leyti var nefndinni lítið kunnugt, enda berið þér eigi við í bréfinu að skýra frá þeim, – það hefðuð þér þó átt að gera, ef yður er ant um framgang þessa máls.

Ef yður þykir að láta þessa málaleitan eigi niður falla við svo búið, þá verðið þér að skrifa bæjarstjórn innan loka þessa mánaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalas

Teknir á skrá í jan. 1907.

Ágúst Olavsen verslunarfulltrúi — Kr ~~100~~ 100

Einar Sigurðsson ~~hjá Ingvarandi~~ Haltsgötu 5 skrifari. — 14

Eiríkur Eiríksson frá Breið á Akranesi skipstj. — 25

Friðbjörn Hólm Einarsson verslunarm. Lindarg. 7 — 8

Guðmundur Eyjólfsson Bergstaðastr. 11 ~~skipstj.~~ — 16

Sigurjón Ólafsson skipstj — 35

Runólfur ~~Eyjólfsson~~ Sverrisson Tjarnargötu lm. — 12

Terzi ingeniör ~~(50)~~ — 75

Rósa Einarsdóttir Thorlacius 10

Guðrún Aðalstein 10

~~Magnús~~

Guðjón Bárðarson, Laugavegi 53. lm. 14

244

75

319

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 26/4—07

(Svarað 9/7 1907.)

Hr. adjunkt Pálmi Pálsson

Út af aukaútsvörunum okkar fyrir 1907 sem vora að okkar og flestra annara dómi hækkuð óskiljanlega mikið (ef við eigum að bera þau einir) viljum við virðingarfyllst leifa okkur að spyrja hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd hvort meining hennar hafi verið, eins og gizkað er á. að nokkur hluti útsvars okkar (e. hækkunn) eigi að tileinka timburverzluninni „Bakkabúð“ þar sem ekkert útsvar hefur verið lagt á hana þetta ár

Með mikilli virðingu
Þorst Þorsteinsson
Bakkabúð
Bjarni Jónsson
Vegamótum

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reikjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans.

Njn. 16. nóv. 1907.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, sent niðurjöfnunarnefndinni, með bréfum dags. 19. júlí, 16. ág., 20. sept. og 18. okt., erindi frá fjórum mönnum um lækkun eða algerða uppgjöf á aukaútsvörum þessa árs 1907.

1. Ingveldur Ólafsdóttir, Skólavörðust. 33, æskir þess að útsvar það, 14 kr., er á hana var lagt, sérstaklega með tilliti til þess, að hún hafði hjá sér son sinn fullorðinn og fullvinnandi, að því er nefndin hugði, verði henni eftirgefið; en nú hefir hún skýrt svo frá, að hann hafi verið veikur mikinn hluta ársins, sem leið, og ófær til vinnu — og mun það satt vera, en hún sjálf [illegible] heilsutæp. Nefndin hefir því fallist á að mæla með því, að þessi beiðni hennar verði tekin til greina.

2. Sesselía Knútsdóttir, Suðurg. 13, biður um, að útsvar sitt, 6 kr., verði látið niður falla að mestu eða öllu leyti, með því að hún hafi 2 börn að annast. Enda þótt ~~skýrsla hennar~~ það reynist eigi alls kostar rétt, er hún segir um ómegð sína, þá vill nefndin þó mæla með því, að beiðni hennar verði tekin til greina, með því að hún sjálf er hálfgerður aumingi, ekki fær til að greiða neitt gjald, ~~er um sé vert að tala~~ í bæjarsjóð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ragnheiður Einarsdóttir, Lindarg. 12, ekkja eftir Þorvarð Daníelsson, er fórst á síðastliðinni vetrarvertíð á þilskipinu Georg, biður um, að útsvar það, 12 kr., er maður hennar átti að greiða þetta árið, verði látið niður falla. Með því að kona þessi á fyrir að sjá 3 börnum á ómagaaldri, þá hefir nefndin samþykkt að mæla með því að þessi beiðni hennar verði tekin til greina af bæjarstjórninni.

4. Konsúll C. Zimsen hefir með bréfi, dags. 15. f.m., beiðst ~~uppgjafar~~ á útsvörum (eða samilegrar niðurfærslu) Marie Petitcolás, hjúkrunarkonu í franska spítalanum hér í bænum, um árin 1906–7, samtals 550 kr. Þá er ~~nefndin lagði~~ (lögð voru) á hana þessi útsvör, var nefndarmönnum vel kunnugt um kaup hennar (c. 4100 kr. meðan hún væri við starfa sína hér á landi, annars helmingi minna) og voru þau því alls ekki ákveðin af handa hófi eða út í bláinn. En um hitt var nefndarmönnum eigi kunnugt, að stjórn spítalans á Frakklandi hefði samið svo ~~um~~ við hana um vistráðin, að hún skyldi „vera laus við öll gjöld hér og hafa kaup sitt óskert" og að fyrir þá sök „kæmi þessi útsvör til að lenda á sjálfum spítalanum", svo sem konsúllinn kemst að orði, enda ætlaðist nefndin til að hún greiddi sjálf þessi útsvör af sínu kaupi, en ~~eigi~~ spítalinn væri sjálfur gjaldlaus. (Ef nú skýrsla konsúlsins er rétt í þessu atriði — og hana virðist nefndinni engin ástæða til að rengja —, þá víkur þessu máli við á annan hátt en áður, þar sem útsvörin ~~verður að skoða sem~~ verður að greiða af fé spítalans sjálfs og því að skoða annað hvort sem hækkun á kaupi hjúkrunarkonunnar eða sem beint gjald af

og að auki ókeypis fæði, húsnæði etc.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

spítalanum hálfu í bæjarsjóð.) Fyrir þessar sakir og í samræmi við það, sem að framan er getið, virðist nefndinni eigi gild rök fram komin til að fella gjald þetta niður eða lækka það (~~að miklum mun~~, (ef nokkur leið er til þess að hjúkrunarkonan beri það sjálf af eignum rammleik, en ef óhjákvæmilegt er, að gjaldið lendi á spítalanum, þá þykist nefndin eigi einhlít um að fella það niður eða lækka, heldur verði það að vera í valdi bæjarstjórnarinnar, hvort hún vilji svo gera, í notum þess og í viðurkenningarskyni fyrir þá ágætu hjúkrun, sem <u>þessi</u> spítali veitir sjúklingum sínum gegn hálfu minna endurgjaldi, en ella er kostur að fá hér í bæ).

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. dag júlí mán. 1907.

/. Í umboði bæjarstjórnarinnar sendi eg hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd til umsagnar erindi frá Ingveldi Ólafsdóttur um afnám aukaútsvars, er á hana var jafnað síðastliðið haust.

Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent.

Halldór Daníelsson.

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Slept.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. dag sept. mán. 1907.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar mælist jeg til, að niðurjöfnunarnefndin láti uppi og sendi hingað álit sitt um erindi Ragnheiðar Einarsdóttur ekkju í medfylgjandi brjefi um eptirgjöf á aukaútsvari manns hennar, sem druknaði í aprílmán. þ. á.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. dag Okt. mán. 1907

Um hjálagt erindi frá C. Zimsens Konsul um aukaútsvar Marie Petitcolas yfir hjúkrunarkonu á frakkneska spítalanum hjer í bænum vil jeg í umboði bæjarstjórnarinnar beiðast álits hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar.

Fylgiskjalið biðst endursent með svarinu.

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. dag ágúst mán. 1907

Að undirlagi bæjarstjórnarinnar sendi jeg hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd meðfylgjandi erindi frá Sesselju Knútsdóttir um lækkun á útsvari hennar, og beiðast álits nefndarinnar um það.

Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent. –

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 26 d. júní 1907

Til leiðbeiningar niðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir er taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi hjer í kaupstaðnum síðan 29. okt. f. á. —

I Borgarabrjef

× Ludvig Emil Kaaber
× Þorsteinn Þorsteinsson, slátrari
× Sigurður Sveinsson frá Seyðisfirði ~~Kaupm. Sigfússonar~~
× Jón Þorsteinsson frá Borgarnesi
× Þorsteinn Egilsson, skipstjóri
× Jóhann Ögm. Oddsson Hverfisgötu 18
× Árni Jónsson, bakari
× Ingvar Guðmundsson Vitastíg 11
× Bergvin Jóhannsson, Vesturgötu 46
× Jón Árnason, verzlunarm. Vesturg. 39
× Arinbj. Sveinbjörnsson, bókbindari
× Carl Ferdinand Bartels, úrsmiður
× Helgi Magnússon, Bankastræti 6
× Ásgeir G. Gunnlaugsson, Stýrim. stíg
× Sandt & Jeppesen bakarar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Tómas Snorrason kennari

II. Húsmennskuleyfi

× Brynjúlfur Ólafsson frá Uxahrygg
× Einar Þórðarson frá Seljalungu
× Einar Kristófer Þorsteinsson, Vatnsstíg 12
× Ingvar Bjarnason frá Reykjafossi
× Guðm. Davíðsson, Laugaveg 68
× Ingvar Eiríkur Sigurðsson frá Laugavatni
× Jóhann Kristján Ólafsson, Laugaveg 38
× Jóhann Loftsson frá Ameríku
× Björn Gunnlaugsson úr Húnavatnssýslu
× Ketill Þorsteinsson Helgastöðum Rvík
× Sigurbjartur Hróbjartsson, Miðstræti 6
× Jón Gíslason Skála, Rvík
× Björn Markússon frá Gafli
× Katrín Andrjesdóttir frá Brunnastöðum
× Sigurgeir Kristjánsson frá Sauðárkrók
× Gísli Jónsson frá Þorlákshöfn
× Björn Sumarliði Jónsson, Grettisgötu 37
× Einar Sigurðsson, Njálsgötu 55
— × Egill Magnússon, Laugaveg 59
× Helgi Guðmundsson frá Hvítanesi
× Kristján Kjartansson úr Ölfusi
× Bjarni Magnússon Engey
× Magnús Bjarnason frá Keldudal i Skagafirði
× Oddbergur Oddsson frá Mýrarhúsaskóla
× Hafliði Þorvaldsson frá Patreksfirði
× Guðm. Jónsson frá Sauðárkróki
× Sigurgeir Jóhannsson Laugaveg 75
× Guðm. Magnússon frá Ferjukoti
× Guðbrandur Magnússon frá Bakkarholti Ölfusi
× Einar Sveinsson, Þjóðólfshaga, Rangárvallas.
× Guðm. Sæmundsson í Lækjarhvammi Rvík
× Jón Einarsson frá Kleppi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Jóhann Sigmundsson frá Görðugerði í Leiru
× Jóhanna Þorsteinsdóttir frá Bjarnastöðum Selvogi
× Eyjólfur Guðmundsson frá Ísafirði
× Einar Bergsveinsson – Eskifirði
× Sigurður Sigurðsson – Barkarstöðum
× Ólafur Sigurðsson – Eyrarbakka.

III **Skipstjóraskýrteini**

× Ólafi Ísleifssyni Mýrargötu Nr. 1
× Jóni Árnasyni, Vesturgötu 37
× Sigurður Ágúst Guðmundsson, Holtsgötu 3
× Eyjólfur Guðbrandsson Nýlendugötu 18

IV **Lausamannsleyfi**

× Guðríður Guðmundsdóttir Vitastíg
× Hólmfríður Þorvaldsdóttir, Klapparstíg 14
× Bjarnína Ólafsdóttir, Hverfisgötu 46
× Guðjón Pálsson Ánanaustum
× Eiríkur Pjetur Þórarinsson, Vatnsstíg 6.
× Pjetur Þorláksson, Bergstaðastræti 48
× Jórunn Jónsdóttir Laugaveg 43 B
+ Kristín Vigfúsdóttir, Spítalastíg 2
× Steinunn Kjartansdóttir, Litla Steinsholti
× Guðrún Jónsdóttir Laugaveg 25
× Jónína Margrjet Jónsdóttir, Ánanaustum
× Arnbjörg Gísladóttir Vesturgötu 53
+ Kristján Jónasson, Laugaveg 50
× Magnús ~~Magnússon~~ Laugaveg 20 b.
× Magnús Guðmundsson, Bergstaðastr. 6
× Jón Jónsson, Laugaveg 62
× Vigdís Guðmundsdóttir, Hverfisgötu 58
× Guðfinna Einarsdóttir, Grettisgötu 24
× Halldóra Guðmundsdóttir Barónsstíg 18
× Ingibjörg Guðrún Jónsdóttir Bergstaðastr. 20
× Guðlaugur Bjarnason Nýlendugötu 13
× Sigurjón Guðmundsson Hverfisgötu 53

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× Árni Árnason, Grettisgötu 42
× Guðjón Þórólfsson, Laugaveg 48
× Guðrún Guðmundsdóttir, Bókhlöðustíg 9
× Guðrún Guðmundsdóttir, Steinsholti
× Þórunn Jónsdóttir Laugaveg 57

V. Sveinsbrjef

× Jón Þorsteinsson í skósmíði
× Ingimundur Stefánsson í trjesmíði
× Hallgrímur Bóasson — " —
× Guðmundur Halldórsson — " —
× Eiríkur Jónsson — " —

7. Umsóknarbrjef um húsmennskuleyfi fylgir hjermeð, en óskast endursend að afloknum notkun þeirra. —

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. dag júní mán. 1907.

Að undirlagi bæjarstjórnarinnar sendi jeg hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd meðfylgjandi erindi frá Guðmundi Bjarnasyni klæðskera um lækkun á útsvari hans, og beiðist álits nefndarinnar um það.—
Með svarinu beiðist fylgiskjalið endursent.—

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Njr. 10. júlíd. 1907.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfi, dags. 8. f. m., sent niðurjöfnunarnefndinni ~~erindi~~ beiðni frá Guðmundi Bjarnasyni klæðskera um, ~~að fella burt~~ að útsvar hans í fyrra megi niður falla, og óskið umsagnar nefndarinnar um það.

Hann játar sjálfur í erindi sínu, að hann hafi farið héðan til Kmhafnar 18. marz 1905 og ~~hafi það [illegible]~~ verið fjarverandi úr bænum til 16. apr. 1906 eða rúmt ár og vitanlega ekkert goldið til bæjarþarfa á því ~~á~~ tímabili. Nefndin telur því sjálfsagt, að hann verði leystur frá að gjalda síðara helming útsvarsins 1905 og fyrra helming útsvarsins 1906, en þar sem hann var hér allan síðari helming ársins í fyrra, þá virðist hann með engu móti mega sleppa við að gjalda síðari helming útsvarsins það ár – eða 10 kr.

Fylgiskj. endursent.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarstjórnarinnar.

Rvík 6. maí 1907.

dags. 4/3

Niðurjöfnunarnefndinni hefir fyrir nokkru borist skjal frá formanni „Framfarafélags Rvíkur", bankastjóra Tr. Gunnarssyni, ~~stílað~~ með áskorun ~~til~~ ~~[illegible]~~ til bæjarstjórnarinnar um lagfæring á ýmsum atriðum í niðurjöfnun aukaútsvara hér í bæ.

Nefndin hefir á fundi 21. f. m. athugað tillögur Framfarafélagsins og komst því að þeirri niðurstöðu, sem hér skal greina:

1. Nefndin hefir nú síðari árin, eftir því er ~~fjölg~~ tala gjaldskyldra manna tók að vaxa svo mjög, sem raun hefir á orðið, þar sem gjaldendur voru síðast rúmlega 2100, fundið til þess, hversu bagalegt það er nefndinni að geta eigi haft fyrir sér það manntal, sem gert er sama haustið (í okt.), rétt áður en niðurjöfnunin fer fram (í nóv.), enda munu lögin um manntalið beint vera sett til ~~þess að~~ léttis nefndinni og til að gera álagninguna réttlátari og öruggari, þar sem af því má sjá vinnukraft manna ~~og fjölskyldu~~ af annari hálfu og ómegð á hina. Þá má og vænta, að síður takist svo óheppilega til, að menn sleppi við réttmæt gjöld til bæjarþarfa, jafnvel árum saman, ef ~~nefndin~~ á kost á að hafa manntalið ~~fyrir~~ sér.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin telur þetta mikilsvert atriði
og er að öllu leyti samdóma Fram-
farafélaginu um nauðsyn á breyting
á núgildandi lögum um þetta
efni. ~~Fyrir því~~

2. ~~leggur nefndin til~~ Með því að menn
eru að flytjast [í vistferlum úr bænum og] til bæjarins alt fram
í nóvember mánuð, ~~sumir úr kaup-~~
~~túnum í sveit, aðrir úr fiskiverum~~
~~útvegur um land~~, ~~enn aðrir~~ sumir taka
sér hér ~~fasta~~ bólfestu, sumir hverfa
heim aftur til átthaganna eftir eins
árs dvöl eða tveggja, en þannig
alltaf á bak og burt, þegar minst
um varir, en aðrir koma í þeirra
stað, — þá er það ofætlun hverri
niðurjöfnunarnefnd að vera svo
kunnug útflutningi fólks og inn-
flutningi í bæinn, að hvergi skeiki,
ef hún hefir ~~ekki~~ engar skýrslur
við að styðjast. Fyrir því leggur
nefndin til, að manntalið sé tekið eigi fyrr en ~~gert~~ í
nóvember (ekki í október svo sem nú),
hreinskrifað í desember og nafnaskrá
samin ~~og~~ í stjórnarráði yfir alla
þá, er gjaldskyldir mega teljast.
Því starfi ætti að geta verið lokið
fyrir árslokin og þá getur niður-
jöfnunarnefndin tekið til starfa
í byrjun janúarmánaðar. Með
sama starfstíma ~~sem nú er~~ og
sama kærufresti sem nú mætti
ákveða fyrri gjalddaga aukaút-
svaranna 1. marz (í stað 2. jan.),
og mun bæjarfélagið eigi þurfa að
bíða halla af því eða vandkvæða þeg-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ríkt þá er því líður og þessi eindagi á gjöldunum er aðeins venja.

3. Nefndin er eigi mótfallin því, að ~~nefndin~~ hún sé skipuð fleiri mönnum en nú, ef alla mætti, að störf hennar ~~yrðu~~ með því móti ~~betur unnin~~ gengi greiðlegar og yrði betur unnin. Aftur á móti er nefndin algerlega mótfallin þeirri tillögu Framfarafélagsins að skifta bænum í 3 hverfi og láta sérstaka nefnd fjalla um álagning í hverju, en ein yfirnefnd slétti ójöfnurnar á eftir. Ef slík tillaga yrði að lögum, mundi eigi hjá því fara, að íbúar eins hverfisins yrði harðar úti en annars, því að mælikvarðinn yrði naumast hinn sami hjá öllum ~~ef~~ nefndarmönnum, ef þeir ynni ~~hver~~ í 3 deildum og gæti því ekki borið sig saman að neinu ráði, enda mundi þá verða lítil not manntalsins, sem að eins mundi verða gert af eitt eintak svo sem nú. [Auk þess yrði engin leið, að ákveða fyrir fram í hvert sinn, hve mikinn hluta allra gjaldanna hvert hverfi skyldi bera, þar sem gjaldþolið hlýtur að verða misjafnt í hverfunum, meira í einu, minna í hinum.] Mætti svo fara, að er yfirnefndin tæki til sinna starfa, yrði óhjákvæmilegt að láta þar ekki stein yfir steini standa í gjörðum undirnefndanna, svo að yfirnefndin yrði að taka niðurjöfnunina fyrir frá rótum, en til þess mundi sá tími ekki endast, sem til niðurjöfnunar er ætlaður (sbr. bréf vort til bæjarfógetans dags. 12. jan. þ. á.). Nefndin telur því þessa breytingartillögu félagsins óhagkvæma í alla staði.

4. Svo sem ~~kunnugt er~~ flestum mun kunnugt, er niðurjöfnunarnefndinni boðið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með lögum að auka þá upphæð, er fjár-
hagsnefnd bæjarins telur nauðsynlegt
til bera að jafna niður á gjaldendur,
með 5-10%, hvorki meira né minna.
Nú með því að upphæð þess fjár, sem
þannig ber að jafna niður, er orðin svo
gífurlega há (á síðasta hausti rúmar
55 þús. króna) og fer vaxandi ár frá
ári, eftir því sem bærinn stækkar,
þá hefir oft raun á orðið, að nefndin hefir
þurft að gera fleiri en eina atrennu til
að hitta á hæfilega upphæð, ýmist orðið
að hækka eða lækka gjöldin, oft þvert
um geð sér, því að við það hafa raskast
þau hlutföll í gjöldum einstaklinganna,
er hún taldi rétt vera og vildi vera láta,
en hvorki tími né tök á að hækka eða
lækka jafnt á öllum að réttri tiltölu.
Úr þessu vandræði má ráða bót með
því að veita nefndinni leyfi til að hafa
viðbótargjaldið hærra en 10%, ef svo
ber undir, og þarf alls eigi að óttast,
að nefndin seilist til að hafa viðbótina
hærri en góðu hófi gegnir eða sann-
gjarnt megi virðast. Nefndin leggur
því til, að núgildandi lögum sé
breytt í þessu efni á þá leið, að ~~nefndinni~~ henni
sé heimilað að láta viðbótargjaldið
vera 5-25% að minsta kosti: Í
slíkri breyting hyggur nefndin vera góða
réttarbót fyrir bæjarfélagsins hönd og stór-
mikið hagræði fyrir nefndina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 8 d. februar mán. 1907.

Með brjefi þessu læt jeg hinni
heiðruðu niðurjöfnunarnefnd tjáð,
að bæjarstjórnin hefur útaf kæru
frá Þorleifi Andrjessyni pípugjörðar
manni yfir útsvari er á hann var
jafnað í haust til bæjarþarfa 1907,
samþykkt að útsvarið Kr. 12,- skuli
falla niður, með því að kærandinn
hefur fært bæjarstjórninni sönnur
á það að hann sje hjú á Herríðar-
hóli og dvelji hjer um stundar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sakir við nám. –

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans í Rvík.

Njn. 10. marz 1907.

Þér hafið, herra bæjarfógeti, með bréfum yðrum, dags. 8. febr., 22. febr. og 8. þ. m., sent niðurjöfnunarnefndinni erindi frá nokkrum gjaldendum bæjarins með ósk um niðurfærslu eða afnám aukaútsvara og æskið þér umsagnar nefndarinnar um þau.

1. Jóhann Kr. Ólafsson, Laugav. 40, ber fyrir sig veikindi frá 23. nóv. f. á. til 7. jan. þ. á. Það mun að vísu satt, að hann hefir beðið nokkurn hnekki af ~~spítalavist~~ veikindum þenna tíma, en með því að þetta hefir fallið á þann tíma árs, er hér hefir lítið sem ekki verið að gera, þá vill nefndin ekki gera svo mikið úr því tjóni, sem hann hefir af veikindunum beðið, að ástæða sé til að lækka útsvarið, sem ekki er of hátt sett að hennar dómi. Ræður nefndin því frá að beiðninni sé sint.

2. Helga Pétursdóttir, Grettisg. 35, óskar, að gjald sitt verði lækkað úr 6 kr. í 4 kr. vegna lélegrar atvinnu sérstaklega og efnaleysis. Nefndin viðurkennir, að ástæða muni vera til að lækka gjaldið, og leggur til að beiðni konu þessarar verði tekin til greina.

3. María Grímsdóttir, Vesturg. 51 A, biður um lausn eða að minsta kosti lækkun á 6 kr. gjaldi, er á hana var lagt. Nefndin játar, að gjaldið muni vera heldur hátt eftir ástæðum hennar og leggur til, að það verði lækkað úr 6 kr. í 4 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Guðjón Jónsson trésmiður, Grettisg. 10, ~~[illegible]~~ kvartar undan aukaútsvari því, er á hann var lagt um árið 1906, 25 kr., ~~og~~ vill fá það lækkað og ber fyrir sig, að hann hafi greitt 10 kr. aukaútsvar fardagaárið 1906–7 í Keflavík, þar sem hann hafi dvalið mestan hluta ársins 1906, og sannar að svo sé með kvittun hreppstjórans í Rosmhvalaneshreppi. Með því að hann hefir skilvíslega greitt 15 kr. af því gjaldi, sem hér var á hann lagt, ~~þá virðist nefndinni~~ og 10 kr. annarstaðar, samtals 25 kr., þá virðist nefndinni öll sanngirni mæla með því, að beiðni hans verði tekin til greina.

5. Hagbarth Thejll, verzlunarmaður. Með því að hann hefir enga atvinnu, er svo megi kalla, haft síðan á nýári og flytur burt úr bænum innan skamms, þá virðist nefndinni óhjákvæmilegt, að útsvarið 1907 sé látið niður falla með öllu, en greiða verður hann útsvar það, 25 kr., er á hann var lagt um síðara ~~helming ársins~~ missirið ársins 1906, því að þann tíma hafði hann stöðuga atvinnu hér.

6. Jónas Jónasson trésmiður, Hlíðarhúsum, kveðst hafa verið veikur og legið rúmfastur nú hátt á annað ár og fer því fram á, að ~~útsvörin 1906 og 1907 sé lækkuð svo, að hann~~ hann verði leystur undan að greiða 2/3 hluta þeirra útsvara, er á hann voru lögð árin 1906 og 1907, 25 kr. og 15 kr. Með því að nefndinni var kunnugt um veikindi hans, þá lækkaði hún gjaldið í haust að mun, og virðist sanngjarnt, að þessi lækkun nái einnig til fyrra ársins. Leggur því nefndin til, að útsvör beggja áranna verði lækkuð niður í samtals 15 kr.

Niðurjöfnunarnefndin óskar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fá vitneskju um afdrif þessara mála hjá bæjarstjórninni, þá er þér að kenna.

./. Fylgiskjölin eru endursend með þessu bréfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. dag marz mán. 1907

Í umboði bæjarstjórnarinnar mælist
jeg til að hin heiðraða niðurjöfnunar-
nefnd láti uppi álit sitt um 3 erindi
er fylgja brjefi þessu frá þeim Guðjóni
Jónssyni, Hagbarth Skeill og Jónas
Jónasson um niðurfærslu á auka-
útsvörum þeirra.

Fylgiskjölin óskast endursend með
svarinu. –

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 8. d. febrúar mán. 1907.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar sendi jeg hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd með brjefi þessu erindi frá Jóhanni Kr. Ólafssyni um niðurfærslu á útsvari hans 1907, og beiðist umsagnar nefndarinnar um málið.

Fylgiskjalið biðst endursent með svarinu. —

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 22 d. febrúar mán. 1907.

Að undirlagi bæjarstjórnarinnar sendi jeg hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd
1. meðfylgjandi erindi frá Helgu Pjetursdóttir um lækkun á útsvari hennar og beiðist álits nefndarinnar um það. Með svarinu óskast fylgiskjalið endursent.—

Halldór Daníelsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndar
Rvíkur.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til bæjarfógetans í Rvík.

Njn. 25/4 1907.

Niðurjöfnunarnefndinni hafa borist eftir niðurjöfnun erindi frá 2 gjaldendum þessa bæjar, þar sem þeir óska að útsvör þau, er á þá voru lögð í haust, verði ~~fært~~ niður að mun eða slept með öllu.

1. Oddbjörg Sigurðardóttir ber fyrir sig veikindi sonar síns, ~~sem~~ hafa gert það að verkum, að hann hefir ~~orðið~~ að leggjast í spítala, og með því að ~~ósýnt~~ er með öllu, að hann megi þaðan fara fyrst um sinn, þá leggur nefndin til, að ~~hún verði leyst~~ gjald hennar (6 kr.) verði látið niður falla.

2. Páll Magnússon ~~ber fyrir sig, að hann~~ kveðst hafa verið veikur sjálfur og legið í spítala ~~langan~~ um tíma í vetur og ~~hann~~ sé nú svo lasburða, að hann hafi eigi treyst sér til að stunda sjómensku á vetrarvertíðinni, svo sem áður; auk þess hafi kona hans verið veik um sama leyti. Með því að þetta mun satt vera og ástæður hans fyrir þessar sakir með lakara móti, þá leggur nefndin til, að gjald hans sé að þessu sinni lækkað um 4 kr.

Með því að það er orðið ~~mjög~~ býsna algengt, að gjaldendur bæjarins fara fram á lækkun útsvara sinna á öllum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tíunda árs og bera fyrir sig veikindi
eða önnur óhöpp, sem nýlega hafa
að hendi borið og niðurj.n. hefir eigi
~~getað~~ verið kunnugt um, þá er
útsvarið var á lagt, þá vill
niðurj.n. láta þess getið, að hún
telur mjög viðsjárvert að hrapa að
því, að taka slíkar áskoranir til
greina þegar í stað, og telur heppilegra
að frestað sé úrslitum slíkra mála,
þar til er niðurjöfnun fer fram næsta
haust, því að fyrst og fremst greiðir
allur þorri verkmanna þessi gjöld sín
ekki fyrr en á haustin, hvort sem er, og í öðru
lagi er þá ~~[illegible]~~ auðveldara að
sjá, hvort ~~þessar~~ misfellurnar hafa
valdið verulegum ~~atvinnubresti~~
atvinnumissi ~~[illegible]~~,
því að á því er mikill munur, hvort
menn verða frá vinnu vetrarmánuðina,
þegar lítið er að gera ~~[illegible]~~, eða aðra tíma
árs, þegar nóga vinnu er hægt að fá
og arðsama. Fyrir því ~~leggur~~ leyfir
nefndin sér að skora á bæjarstjórnina
að ráða eigi slíkum málum framvegis til lykta
fyrr en á haustin, nema brýna
nauðsyn beri til skjótra aðgerða.

Fylgiskjölin endursend.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. dag maí mán. 1907

Eptir tillögum hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar hefur bæjarstjórnin samþykkt að aukaútsvar Páls Magnússonar Grettisgötu 10 fyrir árið 1907, Kr. 16,00 verði fært niður í 12 Kr., og aukaútsvar Oddbjargar Sigurðardóttur Hólabrekku s. á. Kr. 6.00 verði látið falla niður.

Þetta er hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd hjermeð tilkynnt.–

Halldór Daníelsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur